

ingarlaga nr. 19/1940, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Bjarni Leifur Pétursson, skal sæta áfram gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 25. júní nk., kl. 1700.

Föstudaginn 6. júní 1980.

Nr. 35/1978. Bæjarsjóður Kópavogs
(Þórólfur Kristján Beck hdl.)
gegn
Hraðbraut s/f
og gagnsök
(Jón Þorsteinsson hrl.).

Skaðabótamál. Verksamningur. Orsakasamband. Sönnun. Abyrgð. Samdómendur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. febrúar 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. sama mánaðar. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda gegn greiðslu á 15.604 krónum með vöxtum af þeirri fjárhæð í samræmi við kröfugerð gagnáfrýjanda. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi, sem skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. mars 1978, krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 2.390.769 krónur með 9% ársvöxt-

um frá 11. febrúar 1972 til 15. júlí 1974 og með 13% árs-
vöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í
héraði og fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í héraði greindi gagnáfrýjandi kröfur sínar í 3 þætti, en
aðaláfrýjanda var dæmd sýkna af einum þeirra, III. kröfu-
þætti, sem varðaði vexti vegna viðskipta 1970 og 1971. Gagn-
áfrýjandi sættir sig við þessa niðurstöðu. Hann sættir sig
einnig við niðurstöðu héraðsdóms um I. kröfubátt í héraði,
þannig að þessi þáttur verður 380.000 krónur. Gagnáfrýjandi
sundurliðar því kröfur sínar þannig fyrir Hæstarétti:

I. Bætur vegna tafa við framkvæmdir

1968—1969 kr. 380.000

II. Krafa um vangoldið fé vegna ágreinings um

bætur til eigenda Ásbrautar 3 og 5 — 2.010.769

Kr. 2.390.769

I.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, sömdu aðiljar
máls þessa um það 1. júlí 1968, að gagnáfrýjandi annaðist til-
teknar framkvæmdir við Hafnarfjarðarveg í Kópavogi.
Ágreiningslaust er, að gagnáfrýjandi gat ekki á umsömdum
tíma hafið einn verkþáttinn, en það var lagning tengivegar
af Hafnarfjarðarvegi á Kársnesbraut. Stafaði töfin af ágrein-
ingi aðaláfrýjanda og eigenda sambýlishúsanna Ásbrautar 3
og 5 um tengivegin. Með skirskotun til þess, sem segir í
hinum áfrýjaða dómi, verður að telja, að töfin hafi verið á
áhættu aðaláfrýjanda. Af hans hálfu var því lýst yfir við
flutning málsins fyrir Hæstarétti, að hann vefengdi ekki sér-
staklega, að gagnáfrýjandi væri réttur aðili að bótakröfum,
ef einhverjar væru, vegna þessarar tafar, þó að starfslið það,
sem vinna átti við tengivegin, virðist, meðan töfin stóð,
hafa starfað hjá öðrum aðiljum og fengið laun frá þeim.
Enn fremur var því lýst yfir af hálfu aðaláfrýjanda, að sýknu-
krafa hans væri ekki byggð á því, að gagnáfrýjandi hefði
sýnt tómlæti um þessa kröfugerð.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skirskotun til

forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta niðurstöðu hans um kröfur samkvæmt þessum lið.

II.

I útboðs- og verklýsingu, sem varð hluti verksamnings aðilja 1. júlí 1968, segir um öryggisráðstafanir meðal annars í gr. 2.9:

„ . . . Verksali skal haga meðferð sprengiefnis og vinnu við sprengingar þannig, að ekki hljótist tjón af. Til þess að fyrirbyggja óréttmætar skaðabótakröfur vegna tjóns á nálægum mannvirkjum verður framkvæmd hlutlaus úttekt á ástandi nálægra mannvirkja, áður en sprengingar hefjast, og niðurstöður úttektarinnar skrásettar. Verksala mun gefinn kostur á að vera viðstaddur, er úttektin fer fram.“

I kafla um ábyrgð verktaka segir meðal annars í gr. 2.11: „Verksali ber sjálfur ábyrgð og kostnað af óhöppum, er hann kann að verða fyrir við framkvæmd verksins, ennfremur því tjóni, sem menn hans eða framkvæmd verksins kann að valda þriðja aðila . . .“

I kafla um sprengingar vegstæðis segir meðal annars í gr. 3.4.3.1:

„Við sprengingar skal gæta ýtrustu varúðar. Geymsla og meðferð sprengiefnis og viðvaranir vegna sprenginga skulu í öllu vera skv. þeim reglum, sem um það gilda. Tími til sprenginga skal hverju sinni háður samþykki lögregluþingvalda í Kópavogi og tilkynntur þeim með nægum fyrirvara, svo að viðeigandi ráðstafanir varðandi umferðarstjórn og annað öryggi megi gera í tæka tíð. Eftirlitsmanni verkkaupa skal einnig tilkynnt um tímasetningu allra sprenginga fyrirfram.“

Svo sem getið er í almennum tilboðs- og samningsskilmálum gr. 2.9. verður ástand nærliggjandi bygginga tekið út og skrásett, áður en sprengingar hefjast.

Verksali er ábyrgur fyrir öllum skemmdum á húsum og mannvirkjum, er orsakast kunna vegna sprenginga hans. Á því tímabili, er sprengingar fara fram, skal verkkaupi annast sérstakar mælingar á jarðsveiflum við þær byggingar,

sem næst standa sprengisvæðinu. Verða í þessu skyni settir upp sjálfritandi sveiflumælur (vibrographs) við viðkomandi byggingar, og verður verksala tilkynnt um staðsetningu þeirra. Sveifluhæð (amplitude) af völdum sprenginga verksala, sem þannig verður mæld, má ekki fara yfir 150 μ (0,15 mm)

Áður en verksamningur er undirritaður, skal verksali leggja fyrir verkkaupa til samþykkis sprengingaráætlun (tilhögun borunar, hleðslu og sprenginga). Sérstakt tillit verður að taka til sveiflumælinga við fyrstu sprengingar í vegstæði hraðbrautar í því skyni, að magn sprengiefnis verði í framhaldi af þeim hæfilega ákveðið í samræmi við sveiflueiginleika bergsins á svæðinu.

Skal sprengingaráætlun endurskoðuð, ef eftirlitsmaður krefst, og allar breytingar á tilhögun borunar og sprenginga og á magni sprengiefnis háðar samþykki eftirlitsmanns hverju sinni . . .“.

Um haustið 1968 lét aðaláfrýjandi skoða byggingar innan 100 m frá fyrirhuguðu sprengingasvæði, en þar eru allmörg hús. Páli Hannessyni verkfræðingi, framkvæmdastjóra gagnáfrýjanda, var tilkynnt, hvenær skoðunin skyldi hefjast. Var hann viðstaddur í upphafi, en kveðst hafa tilkynnt skoðunarmönnum stuttu síðar, að hann hefði ekki aðstöðu til að fylgjast með verki þeirra, þar sem það ætti að fara fram á kvöldin. Skoðun húsanna Ásbrautar 3 og 5 og skráning á sprungum þar fór fram í ágúst og september 1968.

Ágreiningslaust er, að aðaláfrýjandi átti að sjá um, að laga- legur réttur væri tryggður til framkvæmdanna. Svo fór, að deilur urðu við eigendur íbúða í húsunum Ásvegi 3 og 5, en með samkomulagi „um framkvæmd á lagningu tengivegar milli Hafnarfjarðarvegur og Kársnesbrautar“ 8. apríl 1969 samþykktu húseignurnir, að lagning tengivegarins hæfist tafarlaust. Var þetta gert með tilteknum skilyrðum. Tekið var fram, að aðaláfrýjandi skyldi greiða matskostnað, og því lýst yfir „við eigendur Ásbrautar 3—5 . . . , að bæjarsjóður ábyrgist greiðslu til þeirra á væntanlegum bótum skv.

mati eða dómi“. Samkomulag þetta er tekið upp í héraðs-dóm.

Sprengingar vegna tengivegarins fóru fram 5.—20. maí 1969. Fólk í áðurnefndum húsum við Ásbraut kvartaði vegna þessa. Er því haldið fram af aðaláfrýjanda, að sprengingarnar 7. maí kl. 1940 og 8. maí kl. 1040 og 1155 hafi verið öflugri en vera mátti og að af þeim hafi orðið tjón í Ásbraut 3 og 5. Mat fór fram á tjóni á húsunum og síðar yfirmat, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Aðaláfrýjandi greiddi bætur samkvæmt yfirmatinu ásamt ýmsum kostnaði og vöxtum, og var gerð um það dómssátt 10. september 1971. Síðar greiddi aðaláfrýjandi frekari kostnað.

Með bréfi 17. nóvember 1971 tilkynnti aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda, að hann hefði fært honum til skuldar á viðskipta-reikningi vegna þessa fjárhæð, er sundurliðast þannig:

Greiðsla samkvæmt sátt 10. september 1971:

Bætur skv. yfirmati	kr. 1.013.130	
Matskostnaður	— 115.500	
Vextir	— 139.392	
Málskostnaður	— 205.375	kr. 1.473.397
<hr/>		
Málskostnaður aðaláfrýjanda	— 195.375	
Yfirmatskostnaður	— 245.500	
Kostnaður við athuganir á sprungum o. fl. . .	— 67.906	
Vextir	— 28.591	
<hr/>		
		Alls kr. 2.010.769

Gagnáfrýjandi telur, að skuldfærsla þessi hafi verið óheimil, og krefst greiðslu fjárhæðarinnar.

Sem fyrr segir, hefur aðaláfrýjandi viðurkennt, að sér beri að greiða 15.604 krónur.

Gagnáfrýjandi hefur sérstaklega andmælt skyldu sinni til að greiða málskostnað (lögmannskostnað) eigenda Ásbrautar 3 og 5 vegna matsgerðanna og máls, sem eigendurnir höfðuðu til innheimtu bóta og málskostnað (lögmannskostn-

að) aðaláfrýjanda. Nema þessir liðir $205.375 + 195.375 = 400.750$ krónum.

Málsástæður og lagarök þau, sem fram voru flutt af hálfu aðilja fyrir Hæstarétti, voru mjög með sama hætti og í héraði, og vísast um þau til héraðsdóms. Verulegur hluti málflyttings fyrir Hæstarétti snerist um tækniatriði, er varða orsakir sprungna í Ásbraut 3 og 5 og sprengingar á vegum gagnáfrýjanda.

Af hálfu aðaláfrýjanda er mótmælt þeirri ályktun í héraðsdómi, að fræðilega sé útilokað, að sprungur í Ásbraut 3 og 5 verði nema að litlu leyti raktar til sprenginganna í maí 1969.

Þá er því haldið fram, að dómkröfur aðaláfrýjandi beri að taka til greina af réttarfarsástæðum. Gagnáfrýjandi eigi að bera halla af því, að sönnun skorti um styrkleika sprenginganna, sem um er deilt, en aðaláfrýjandi telur, að í héraðsdómi sé gagnáfrýjandi ekki í raun látinn bera halla af óvissu um þetta atriði. Þá er bent á, að matsgerðir voru fengnar í samræmi við ákvæði X. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Yfirmatsgerðina beri að leggja til grundvallar dómi og sé hlutverk meðdómenda ekki að endurmeta það, sem í yfirmatsgerð er metið, heldur að skýra það. Mundi óviðunandi réttaróvissa leiða af annarri niðurstöðu um sönnunargildi matsgerða.

Af hálfu gagnáfrýjanda er mótmælt þeirri ályktun í héraðsdómi, að hann eigi að bera halla af óvissu um bergstuðul, enda hafi aðaláfrýjandi átt að annast mælingar til að sannreyna, hver hann væri. Þá er því mótmælt, að unnt sé að byggja á fyrstu skráningu sprungna í Ásbraut 3 og 5, en hún fór, sem fyrr segir, fram haustið 1968. Er meðal annars bent á ummæli í héraðsdómi um ágalla á skráningunni og því haldið fram, að rök séu til að leggja hana til hliðar. Í málflytningi fyrir Hæstarétti var ítrekað af hálfu gagnáfrýjanda, að ósannað yrði að telja, að hluta af sprungutjóninu megi rekja til sprenginga á vegum hans. Verði aðaláfrýjandi að bera halla og óvissu um þetta atriði. Að vísu telur gagnáfrýjandi hugsanlegt, að 40% af sprungutjóninu gæti hafa stafað af sprengingunum, en sú niðurstaða fáist því aðeins, að öll

óvissuatriði séu túlkuð gagnáfrýjanda í óhag eins og frekast megi verða.

III.

Héraðsdómari mátti nefna til sérfróða meðdómsmenn samkvæmt 200. gr., 1. mgr., 3. tl., laga nr. 85/1936. Menn þessir skulu „fara með og dæma mál“, en í því felst, að þeim er rétt að taka afstöðu til alls þess, sem til álita er í málinu, þar á meðal atriða, sem matsmenn hafa fjallað um, enda tekið fram í 144. gr. sömu laga, að dómari meti öll atriði, er varða sönnunargildi matsgerðar. Ekki verður því fallist á þau rök, sem fram komu af hálfu aðaláfrýjanda, að skylt sé að leggja yfirmatsgerðina til grundvallar dómi.

Akvæði verksamnings aðilja, sem tekin eru upp hér að framan, verður að skýra þannig, að með þeim hafi gagnáfrýjandi tekið á sig hlutlæga ábyrgð gagnvart aðaláfrýjanda á tjóni af völdum sprenginga á vegum gagnáfrýjanda við verk það, sem um var samið.

Áð þessu athuguðu þarf úr því að skera, hvort tjón hafi orðið af sprengingunum 7. og 8. maí 1969, sem fyrr er frá sagt, og hve mikið, ef svo hefur verið.

Í verksamningi var mælt fyrir um skráningu sprungna, og fór hún fram í Ásbraut 3 og 5 haustið 1968. Gagnáfrýjandi átti þess kost að fylgjast með skráningunni, en gerði það ekki, og verður ekki talið, að þannig hafi verið að þessu verki staðið, að gagnáfrýjandi hafi mátt sér að meinfangalauslu láta undan fallast að fylgjast með því. Mótmæli komu ekki fram af hans hálfu, fyrr en lokið var hinum umdeildu sprengingum. Þegar þessa er gætt svo og uíðurstöðu héraðsdóms um skráningu þessa, ber að leggja hana til grundvallar.

Ekki hefur verið hnekkt þeirri niðurstöðu héraðsdóms, að fræðilegur ómöguleiki sé fyrir því, að sprungurnar í Ásbraut 3 og 5 verði raktar nema að takmörkuðu leyti til sprenginga á vegum gagnáfrýjanda í maí 1969. Gagnáfrýjandi hefur hins vegar ekki hnekkt því, að tjón hafi orðið í þeim mæli sem orðið gat samkvæmt þessu. Eru ekki efni til að breyta því áliti héraðsdóms, að þetta tjón sé 40% af heildartjóninu.

Krafa gagnáfrýjanda í II. lið er sundurliðuð hér að framan.

Af hálfu gagnáfrýjanda hefur því verið sérstaklega mót-mælt, sem fyrr segir, að hann eigi að greiða málskostnað þann, sem aðaláfrýjandi hefur fært honum til skuldar, og kveður hann hér vera um að ræða greiðslur til lögmanna. Eðlilegt var, að lögmönnum væri falin hagsmunagæslan, og þykir af því leiða, að þessum mótmælum verði ekki sinnt.

Aðiljar fjölluðu ekki að öðru leyti um einstaka kröfufullði í greinargerðum sínum eða máflutningi fyrir Hæstarétti. Af því leiðir, að reikna verður greiðslu þá, sem aðaláfrýjanda verður gert að inna af hendi til gagnáfrýjanda, með sama hætti og gert var í héraði. Verður því mats- og vaxtakostnaði skipt, eins og þar var gert, og heildarfjárhæðinni, sem gagnáfrýjanda var færð til skuldar, 2.010.769 krónum, skipt þannig, að aðaláfrýjanda verður gert að greiða 60% hennar, en tillit tekið til þeirra 15.604 króna, sem aðaláfrýjandi viðurkennir, að sér beri að greiða gagnáfrýjanda.

IV.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, verður héraðsdómur staðfestur.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 350.000 krónur.

Það athugast, að héraðsdómari átti, áður en tekið var að taka munnlegar skýrslur af aðiljum og vitnum á dómþingum, að ákveða, hvort hann kveddi til sérfróða meðdómendur. Áttu þeir síðan að vera við yfirheyrslurnar. Enginn sérfróður meðdómandi var í dómi, þegar fyrst voru teknar munnlegar skýrslur 12. janúar 1973, en í næsta þinghaldi var einn meðdómandi, Páll Sigurjónsson verkfræðingur. Var dómur þannig skipaður 8 sinnum eftir þetta, þegar teknar voru munnlegar skýrslur, og allt til 11. desember 1974, en þá sat Júlíus Sólnes verkfræðiprófessor í fyrsta skipti í dómi.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, bæjarsjóður Kópavogs, greiði gagn-

áfrýjanda, Hraðbraut s/f, 350.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

I.

Ég vísa til atkvæðis meiri hluta dómenda svo og héraðsdóms um málsatvik.

II.

Telja verður, að aðaláfrýjandi hafi sem verkkaupi borið áhættuna af því, að skipulagsmál Kópavogskaupstaðar stæðu því ekki í vegi, að gagnáfrýjandi fengi aðstöðu til að hefjast handa um lagningu tengivegarins af Hafnarfjarðarvegi á Kársnesbraut á þeim tíma, sem verksamningur aðilja gerði ráð fyrir. Að því leyti sem tafir á þessu ollu gagnáfrýjanda auknum tilkostnaði við verkframkvæmdina mátti hann krefjast greiðslu til viðbótar við samningsfjárhæð. Gögn og málsreifun um þennan þátt dómkröfunnar eru að visu ófullkomin, en eigi að síður verður þó að fallast á, að dæma megi gagnáfrýjanda nokkra fjárhæð vegna tafanna, svo sem héraðsdómur hefur gert. Tel ég hæfilegt að ákveða hana 200.000 krónur.

III.

Skoðun sú og skráning á sprungum í veggjum húsanna Asbrautar 3 og 5, sem fram fór haustið 1968, var gerð vegna sérstakra ákvæða í verklýsingu og verksamningi aðilja um, að úttekt færi fram á ásigkomulagi mannvirkja í næsta nágreppi við framkvæmdastaðinn, áður en sprengingar hæfust. Ljóst er, að skoðunin var til þess ætluð að verða undirstöðugagn um ástand mannvirkjanna, ef ágreiningur risi síðar um það, hvort tjón hefði hlotist á þeim vegna fyrirhugaðra sprenginga gagnáfrýjanda. Gagnáfrýjanda var veittur kost-

ur á að vera viðstaddur, þegar skoðunin fór fram, svo sem skylt var samkvæmt verksamningi. Þann rétt sinn notfærði hann sér ekki að öðru leyti en því, að forstöðumaður hans mætti í fyrsta sinn, er skoðunarmenn voru að störfum. Eftir það fylgdist enginn af hans hálfu með skoðuninni, án þess að séð verði, að nauðsynjar hafi bannað. Ekki var af hendi gagnáfrýjanda hreyft neinum athugasemdum við niðurstöðum hennar, þegar henni var lokið, og eigi fyrr en í maí 1969. Þá voru sprengingar við tengivegin þegar hafnar, og kvartanir höfðu borist frá íbúum Ásbrautar 3 og 5 um, að skemmdir hefðu orðið á húsunum. Þegar litið er til þess, hvert sönnunargildi skoðanaskýrslunum var ætlað að hafa, var sérstaklega brýnt, að gagnáfrýjandi gerði athugasemdir sínar við þær, áður en hann hóf sprengingar í nánd við húsin, ef hann hugðist vefengja þær. Sérstök ástæða var og til þess fyrir hann að krefjast nýrrar úttektar, áður en sprengingar hófust, ef hann taldi ásigkomulag húsanna kunna að hafa breyst á þeim tíma, sem ágreiningur aðaláfrýjanda og húseigenda hafi staðið því í vegi, að hann gæti hafið framkvæmdir við tengivegin og stoðmúrinn.

Þegar alls þessa er gætt, sem að framan hefur verið rakið, þykir gagnáfrýjandi bera sönnunarbyrði fyrir því, að sprungur í veggjum húsanna Ásbrautar 3 og 5, sem í ljós komu við skoðun undirmatsmanna samkvæmt matsgerð þeirra, dags. 17. janúar 1970, en ekki er getið í þeirri sprunguskrá, sem gerð var samkvæmt verksamningnum haustið 1968, eigi sér aðrar orsakir en sprengingar gagnáfrýjanda. Skal í þessu sambandi tekið fram, að skoðun sú, sem fram fór í maí 1969, þykir ekki hafa sjálfstætt sönnunargildi um ástand húsanna, er sprengingar vegna tengivegar og stoðmúrs hófust, þar sem hún fór fram, eftir að sprengingar höfðu staðið í nokkra daga, og hinar aflmestu þeirra voru þegar um garð gengnar.

Gagnáfrýjandi hefur að visu ekki fært sönnur á, að neinar þeirra sprungna, sem um getur í matsgerð undirmatsmanna, en ekki voru taldar í sprunguskránum frá 1968, eigi sér tilteknar orsakir aðrar en sprengingarnar. Enn fremur telja

yfirmatsmenn í matsgerð sinni, sem rakin er í héraðsdómi, „að sprengikrafturinn frá sprengingunum við húsinn nr. 3 og 5 við Ásbraut, Kópavogi, hinn 7. og 8. maí 1969 sé einn nægileg skýring á hinum fjölmörgu viðbótarsprungum og stækkun á þeim sprungum, sem fyrir voru“. Hins vegar er á það að líta, að héraðsdómur, sem skipaður var tveimur sérfróðum mönnum um byggingarverkfræði, hefur komist að þeirri niðurstöðu, „að fræðilegur ómöguleiki sé fyrir því, að þær verði raktar nema að takmörkuðu leyti til sprenginga“ gagnáfrýjanda „í maí 1969“. Er það mat héraðsdómenda, að „allt að 60% þeirra hljóti að vera tilkomnar af öðrum orsökum“. Hefur héraðsdómurinn miðað við það hlutfall í dómi sínum. Gegn þeirri skiptingu, sem héraðsdómur leggur til grundvallar, kann að vísu að virðast mæla það, að hún veiti ekki viðhlítandi skýringu á hinn tilförlulega jöfnu dreifingu sprungnanna í húsunum. Í því sambandi er þó aðgættandi, að ekki þykir rétt að skilja héraðsdóminn svo, að fullrytt sé, að 40% af sprungunum hljóti að stafa af sprengingum gagnáfrýjanda, heldur þannig, að á þessu sé möguleiki, og sé ábyrgðin á sprungutjóninu því lögð á gagnáfrýjanda að sama marki vegna sönnunaraðstöðu í málinu.

Af hálfu aðaláfrýjanda hefur því verið haldið fram, að héraðsdómendum hafi verið skylt að leggja yfirmatsgerðina til grundvallar um orsakir sprungutjónsins. Á þetta verður þó ekki fallist. Að jafnaði hlýtur dómari að leggja matsgerð sérfróðra dómkvaddra matsmanna til grundvallar dómi varðandi matsefni. Dómari metur þó sönnunargildi matsgerðar án þess að vera af henni fortakslaust bundinn. Það hefur mjög tíðkast, að dómamar hafa kvatt sérfróða samdómendur til dómsetu með skírskotun til heimildar í 200. gr. laga nr. 85/1936. Síður á að vera þörf á að neyta þeirrar heimildar, þegar dómkvaddir menn hafa framkvæmt mat eða skoðun, svo sem einmitt hagaði til í þessu máli. Allt að einu verður ekki talið, að héraðsdómara í máli þessu hafi verið óheimil kvaðning sérfróðra samdómenda til dómsetu, einkum þegar virt er sú dómvenja, sem komist hefur á um þetta atriði. Að því er varðar líklegar orsakir sprungna verður að skoða yfir-

matsgerðina sem álitserð yfirmatsmanna, sem héraðsdómur gat virt sjálfstætt eftir sérfræðilegri þekkingu dómenda. Héraðsdómendur hafa meðal annars orðið að gefa gaum að röksemdum yfirmatsmanna fyrir niðurstöðu sinni, en hafa þó fyrir sitt leyti ekki getað á þær fallist. Ekki hefur verið sýnt fram á, að álit héraðsdómenda á orsökum sprungnanna sé reist á röngum fræðilegum grundvelli. Verður eigi, eins og hér hagar til, gengið í berhögg við niðurstöðu þeirra um, að útilokað sé, að meira en 40% af sprungum í veggjum húsanna á Ásbraut 3 og 5 stafi af sprengingum gagnáfrýjanda, en að öðru leyti hljóti sprungurnar að eiga sér aðrar orsakir.

IV.

Málflutning gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti verður að skilja á þann veg, að hann vefengi ekki sérstaklega, að gagnvart eigendum Ásbrautar 3 og 5 hafi hann borið fébótaábyrgð án nánari skilyrða á öllum sprunguskemmdum á húsunum, sem sprengingar hans orsökuðu. Þarf þá ekki að kanna sérstaklega, hver sé lagagrundvöllur þeirrar ábyrgðar hans. Hins vegar virðist gagnáfrýjandi telja, að aðaláfrýjandi, sem bætti húseigendum tjón þeirra, hafi því aðeins mátt framkrefja gagnáfrýjanda um greiddar skaðabætur, að ekki hafi verið gætt nægrar varúðar af hendi hans eða starfsmanna hans við sprengingarnar. Ósannað sé, að á því hafi orðið misbrestur. Aðaláfrýjanda hafi því verið óheimilt við reikningsskil að halda eftir af innstæðu gagnáfrýjanda vegna þeirra fébóta, sem greiddar voru húseigendum.

Á þetta verður ekki fallist. Með samkomulaginu 8. apríl 1969 skuldbatt aðaláfrýjandi sig til að ábyrgjast greiðslu á væntanlegum bótum til eigenda Ásbrautar 3 og 5 vegna lagningar tengivegarins á Kársnesbraut. Um þetta samkomulag var gagnáfrýjanda kunnugt, enda ritaði hann á það samþykki sitt sem verktaki vegna tiltekinna öryggisráðstafana, sem samkvæmt því bar að gera við vegarlagninguna. Gagnáfrýjandi mátti vænta þess, að aðaláfrýjandi mundi framkrefja hann um þær bætur, sem gagnáfrýjandi bæri sem verktaki ábyrgð á gagnvart húseigendum sjálfum, en aðal-

áfrýjandi greiddi þeim. Hann gerði engan fyrirvara um, að hann teldi sér óskýlt gagnvart aðaláfrýjanda að svara til slíkra framkrafna af hans hendi, ef húseigendur beindu kröfum sínum að aðaláfrýjanda. Verksamningur aðilja rennir ekki stoðum undir þann skilning, að áhætta af tjóni af völdum sprenginga gagnáfrýjanda, sem hann bæri fébótaábyrgð á gagnvart eigendum Ásbrautar 3 og 5, hafi endanlega átt að hvíla á aðaláfrýjanda. Bendir ákvæðið í t. 2.11. í útboðslýsingu til þess, að gagnáfrýjandi eigi að lyktum að bera áhættuna af því, ef bótaskýlt tjón hljótist af sprengingum hans. Samkvæmt þessu svo og því, sem greinir í III. hér að framan, var aðaláfrýjanda heimilt að skuldfæra gagnáfrýjanda fyrir 40% af þeim fébótum, sem hann greiddi húseigendum samkvæmt matsgerð yfirmatsmanna.

V.

Í fjárhæð þeirri, sem aðaláfrýjandi skuldfærði gagnáfrýjanda fyrir, eru innifaldar eigi aðeins fébætur til húseigenda vegna sjálfra sprunguskemmdanna, heldur ýmsar aðrar greiðslur og kröfuliðir, sem taldir eru eiga rót sína að rekja til þeirra atvika, sem málið er risið af. Er nánar frá þessu greint í atkvæði meiri hluta dómenda.

Héraðsdómur hefur dæmt, að aðaláfrýjanda hafi verið óheimilt að skuldfæra gagnáfrýjanda fyrir þessum kröfuliðum að sama marki og bótum vegna sprungna. Við þetta hefur hvorugur aðilja gert athugasemdir fyrir Hæstarétti að öðru leyti en því, að gagnáfrýjandi telur kostnað matsaðilja vegna lögfræðiaðstoðar við matsgerðir óhóflegan og sér óviðkomandi. Um það skal tekið fram, að eðlilegt var, að aðiljar leituðu slíkrar aðstoðar við mötin. Kostnaður, er af hlaust, var að vísu allmikill, en þó þykir verða að leggja hann til grundvallar óbreyttan í lögskiptum aðilja. Var gagnáfrýjanda þess og kostur að gerast meðalgönguaðili í máli því, er húseigendur höfðu höfðað á hendur aðaláfrýjanda, áður en sáttin var gerð, til að gæta hagsmuna sinna. Svo sem málið hefur verið lagt fyrir Hæstarétt, tel ég samkvæmt

framansögðu, að staðfesta megi niðurstöðu héraðsdóms um síðari kröfubátt gagnáfrýjanda.

Ég fellst á úrlausn meiri hluta dómenda um málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti svo og á athugasemdir þeirra um dómsetu samdómenda.

Samkvæmt framansögðu er ég samþykkur dómsorðinu að öðru leyti en því, að ég tel, að fjárhæð sú, sem gagnáfrýjanda er dæmd, ætti að vera 1.412.700 krónur (200.000 + 1.212.700 krónur).

S é r a t k v æ ð i

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

I.

Ég er samþykkur úrlausn meiri hluta dómenda á fyrsta þætti kröfu gagnáfrýjanda.

II.

Í atkvæði meiri hluta dómenda eru rakin þau atriði í útboðslýsingu og verksamningi aðilja frá 1. júlí 1968, sem hér skipta máli, og vísast til þess, er þar greinir. Rétt er þó að benda einnig á 3. mgr. 17. gr. verksamningsins, en þar segir, að sá aðili, sem bera vilji fyrir sig óviðráðanleg atvik, skuli sanna tilvist þeirra.

Nokkru eftir að gert var samkomulagið 8. október 1969 hófst vinna við gerð tengivegarins og sprengingar fyrir grunni stoðmúrsins. Páll Hannesson verkfræðingur, framkvæmdastjóri gagnáfrýjanda, kveðst hafa ákveðið að hraða framkvæmdum svo sem unnt væri og gefið manni þeim, sem verkstjórn hafði á hendi við sprengingarnar, fyrirmæli um að nota það sprengiefnamagn, sem honum hafi reiknast til, að lægi innan þeirra marka, er í útboðslýsingu greindi. Verkstjóri við sprengingarnar, Jón Þórðarson, kveður sér ekki hafa verið kunnugt um skilyrði útboðslýsingar um hámark sveifluhæðar sprenginga og fyrirvarsmenn gagnáfrýjanda hafi ekki gefið sér fyrirmæli um, hversu mikið sprengiefni skyldi nota. Þá hafi honum ekki verið kunnugt um útreikn-

inga á hámarki sprengiefnahleðslu vegna nálægðar húsanna nr. 3—5 við Ásbraut. Ekki voru samdar sprengingaáætlanir, áður en sprengingar þessar voru gerðar, og hvorki voru eftirlitsmenn aðaláfrýjanda kvaddir til álits né þeim tilkynnt um, hvenær þær skyldu hefjast.

Eins og í héraðsdómi greinir, töldu mats- og skoðunarmenn, sem eigendur húsanna nr. 3—5 við Ásbraut fengu dómkvadda 24. september 1969, að þær sprungur, sem fram hefðu komið eftir skoðun haustið 1968, ættu rót sína að rekja til sprenginga gagnáfrýjanda.

Yfirmatsmenn, sem aðaláfrýjandi fékk dómkvadda 10. apríl 1970, töldu, að sveiflur frá sprengingum þeim, sem gagnáfrýjandi lét framkvæma 7. og 8. maí 1969, hefðu farið fram úr þeim hámrörkum um sveifluhæð, sem í útboðslýsingu greinir. Lögðu yfirmatsmenn til grundvallar skoðun húsanna um haustið 1968 og skoðun og lýsingu undirmatsmanna og töldu sprunguaukninguna afleiðingu sprenginganna. Hæfilegan kostnað af viðgerð á skemmdunum og verðmætisrýrnun húsanna af þeim sökum töldu þeir nema samtals 1.013.130 krónum.

Hinn 21. júlí 1971 ritaði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda bréf og skoraði á hann að taka til varna í máli því, er húseigendur höfðu höfðað á hendur aðaláfrýjanda. Bærist ekki svar frá gagnáfrýjanda fyrir 8. ágúst 1971, kvaðst aðaláfrýjandi mundu freista þess að semja við húseigendur á grundvelli yfirmatsgerðarinnar og krefja síðan gagnáfrýjanda um greiðslu þess fjár ásamt öllum kostnaði. Ekki svaraði gagnáfrýjandi bréfi þessu. Aðaláfrýjandi og eigendur húsanna nr. 3—5 við Ásbraut gerðu 10. september 1971 dómssátt í máli því, sem höfðað var 20. júní 1970. Skuldbatt aðaláfrýjandi sig til að greiða húseigendum bætur samkvæmt yfirmatsgerðinni auk vaxta frá 17. janúar 1970, kostnaðar af undirmati, lögmannskostnaðar við undirmat og yfirmat svo og kostnaðar af dómsmálinu, samtals 1.463.397 krónur.

Aðaláfrýjandi greiddi fé þetta og færði gagnáfrýjanda til skuldar ásamt vöxtum af yfirmatskostnaði og nokkrum kostnaði, sem hann hafði haft af málinu, og er það féð, sem

gagnáfrýjandi krefur aðaláfrýjanda um í þessum þætti málsins.

Ákvæði útboðslýsingar og verksamnings aðilja verður að skýra svo, að gagnáfrýjandi hafi tekið á sig fébótaskyldu á öllu því tjóni, sem eigendur mannvirkja kynnu að verða fyrir vegna sprenginganna, án tillits til þess, hvort um sök starfsmanna hans væri að ræða eða ekki. Ákvæðið um hámarksveifluhæð er öryggismark, en leysir gagnáfrýjanda ekki undan fébótaskyldu. Gagnáfrýjandi var því fébótaskyldur vegna alls þess tjóns, sem eigendur húsanna nr. 3—5 við Ásbraut urðu fyrir og sannanlega varð rakið til sprenginga hans.

Skoðun á húsnum, sem framkvæmd var um haustið 1968, var gerð í samræmi við ákvæði útboðslýsingarinnar. Gagnáfrýjandi átti þess kost að láta fylgjast með skoðun þessari og gerði það í upphafi. Hins vegar hirti hann eigi um að láta fylgjast með henni að fullu. Verður skoðun þessi á húsunum nr. 3—5 við Ásbraut lögð til grundvallar um ástand húsanna á þeim tíma. Þegar litið er til atvika máls þessa og sömmunarstöðu, verður við það að miða, að sprungur þær, sem fram komu á húsunum eftir þann tíma samkvæmt skoðun undirmatsmanna og staðfest var af yfirmatsmönnum, eigi rót sína að rekja til sprenginga gagnáfrýjanda, nema annað sé sannað.

Gagnáfrýjandi hefur talið, að sprunguaukningin stafi af landskjálfta, sem varð 5. desember 1968, og einnig af almennum ástæðum, en vitað sé, að sprungur myndist oft í húsveggjum hér á landi, án þess að áhrif að utan komi til.

Þegar virt er ákvæði útboðsauglýsingarinnar, sem gagnáfrýjandi var bundinn af, var honum rétt að láta kanna, hvort ástand húsanna hefði breyst við landskjálftann frá því, sem fram kom í skoðuninni sama haust, ef hann vildi bera slíkt fyrir sig, en við það verður að miða, að fyrirsvarsmenn gagnáfrýjanda hafi orðið varir við jarðhræringar þessar eða frétt um þær. Gagnáfrýjandi hefur engin rök leitt að því, að veggir húsanna hafi sprungið af völdum landskjálfta á þeim tíma, sem hér er um fjallað. Ekki hefur hann

heldur leitt sönnur að öðrum ástæðum til sprungumyndanna.

Eins og áður getur, var gert samkomulag við húseigendur 8. apríl 1969. Samkomulag þetta áritaði framkvæmdastjóri gagnáfrýjanda vegna gagnáfrýjanda og kvaðst samþykkja það. Samþykki þetta verður eigi skilið á annan veg en þann, að hann hafi samþykkt, að bótakröfum yrði beint að aðaláfrýjanda og að greiða skyldi allan kostnað af undir- og yfirmati, ef til kæmi. Mátti hann ekki túlka þessa yfirlýsingu svo, að bótaskyldu væri af honum létt, ef kröfum yrði beint að aðaláfrýjanda. Átti aðaláfrýjandi því rétt til greiðslu úr hendi gagnáfrýjanda vegna þeirra bóta, er hann réttilega innti af hendi til húseigenda.

Að því er varðar tjón eigenda húsanna nr. 3—5 við Ásbraut, sem hér er um fjallað, þá þykir eftir atvikum verða að leggja til grundvallar fjárhæðir samkvæmt yfirmatsgerðinni.

Eftirlit af hendi aðaláfrýjanda með framkvæmdum gagnáfrýjanda virðist samkvæmt gögnum máls eigi hafa verið svo virkt sem skyldi, en gagnáfrýjandi fór eigi eftir ákvæðum útböðslýsingarinnar um tilkynningar til eftirlitsmanna.

Þegar virt eru gögn málsins, þykir þetta þó ekki eiga að valda því, að aðaláfrýjandi eigi að bera að hluta bætur þær, sem hér um ræðir.

Samkvæmt framanrituðu getur gagnáfrýjandi ekki krafist úr hendi aðaláfrýjanda þær bætur og kostnað vegna þeirra, sem aðaláfrýjandi hefur reitt af hendi.

Í þessum þætti málsins krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda um 2.010.769 krónur.

Af fé þessu hefur aðaláfrýjandi viðurkennt, að sér beri að greiða 15.604 krónur.

Gagnáfrýjandi hefur sérstaklega andmælt skyldu sinni til að greiða lögmannskostnað eigenda Ásbrautar 3—5 vegna undir- og yfirmatsgerða og málssóknar svo og lögmannskostnað aðaláfrýjanda við matsgerðirnar. Eins og máli þessu er háttað, verður að telja eðlilegt, að þessir aðiljar fengu lögmenntil að gæta hagsmuna sinna við matsgerðirnar. Sam-

kvæmt þessu og þar sem ekki verður talið, að hér hafi verið um óhæfilegar greiðslur að ræða, verða þessi andmæli ekki tekin til greina. Að öðru leyti hefur gagnáfrýjandi ekki andmælt reikningi aðaláfrýjanda tölulega.

Málsúrslit verða því þau, að aðaláfrýjanda verður dæmt að greiða gagnáfrýjanda 395.604 krónur (380.000 + 15.604) með 9% ársvöxtum frá 11. febrúar 1972 til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en upphafstíma vaxta hefur ekki verið andmælt.

Eftir þessum málalokum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

III.

Ég er sammála athugasemdum meiri hluta dómenda um samdómendur.

Dómur bæjarþings Kópavogs 31. október 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 1. september 1972, af sameignarfélaginu Hraðbraut í Kópavogi gegn Björgvin Sæmundssyni bæjarstjóra, Skjólbraut 20, Kópavogi, f. h. bæjarsjóðs Kópavogs til greiðslu kr. 3.362.003 með 9% ársvöxtum frá 11. febrúar 1972 til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af kröfum stefnanda gegn greiðslu kr. 15.604 með vöxtum svo sem stefnandi krefst. Þá gerir hann kröfu til málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að með verksamningi gerðum 1. júlí 1968, að undangengnu útboði, tók stefnandi, Hraðbraut s/f, sem er sameignarfyrirtæki hlutafélaganna Hlaðbæjar og Miðfells í Reykjavík, að sér fyrir Kópavogskaupstað nýlagningu svonefnds Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi. Verksamningurinn tók til tveggja verkþátta 1. byggingarstigs, þ. e. I. og IV. áfanga. Annars vegar var um að ræða undirbyggingu eystri akbrautar vegarins, tengivegar af Nýbýlavegi, að hluta tengivegar á Kársnesbraut og hluta af Nýbýlavegi svo og sprengingar úr vegarstæði í Digraneshálsi að hluta. Hins vegar undirbyggingu vestari akbrautar vegarins, hluta af Kársnesbraut og lokastig tengivegar

á Kársnesbraut svo og sprengingar úr vegarstæði í hálsinum að hluta. Fyrri verkþátturinn, I. áfangi, skyldi unninn árið 1968, en hinn síðari, IV. áfangi, árið 1969.

Meðan á verkframkvæmdum stóð, risu ágreiningsefni með aðiljum svo og við lokauppgjör, er fram fór 11. febrúar 1972, en þá vísaði stefndi á bug ýmsum fjárkröfum stefnanda, en hann áskildi sér rétt til að leggja ágreininginn fyrir dómstóla.

Meginágreiningurinn var út af einhliða skuldajöfnuði við innstæðu stefnanda vegna tjónbóta til eigenda fjölbýlishúsanna nr. 3 og 5 við Ásbraut, en af stefnda hálfu var því haldið fram, að tjón hefði orðið af völdum sprenginga stefnanda fyrir stoðmúr og vegarstæði tengivegar fyrir neðan greind hús vorið 1969, en þetta tjón hafði af stefnda hálfu verið gert upp við húseigendur ásamt vöxtum og kostnaði. Þá áskildi stefnandi sér bætur vegna þess, að ekki reyndist unnt að hefja sprengingar fyrir stoðmúr og nefndu tengivegarstæði fyrir en vorið 1969 sökum deilumála bæjaryfirvalda og eigenda húsanna 3 og 5 við Ásbraut út af þessum fyrirhugaða tengivegi og stoðmúr.

Umrædd sprengingavinna hófst hinn 5. maí 1969, en þá var nýlokið deilumálum húseigenda og bæjaryfirvalda út af lagningu tengivegarins. Gerðu nefndir aðiljar með sér skriflegt samkomulag, dags. 8. apríl 1969, en þar segir á þessa leið:

„Tillaga til samkomulags um framkvæmd á lagningu tengivegar milli Hafnarfjarðarveggar og Kársnesbrautar.

1. Kópavogskaupstaður greiðir matskostnað við undir- og yfirmat, ef til kemur.
2. Kópavogskaupstaður lýsi yfir við eigendur Ásbrautar 3—5 og Kársnesbrautar 1, að bæjarsjóður ábyrgist greiðslu til þeirra á væntanlegum bótum, skv. mati eða dómi.“

Samkomulag þetta eða tillaga var undirritað af forsvarsmönnum greindra húseigenda og þáverandi lögmanni stefnda, Árna Guðjónssyni, svo og framkvæmdastjóra stefnanda, Páli Hannessyni, vegna þess, er greindi í 3ja tölulið plaggsins, en þar voru upptalin skilyrði húseigenda fyrir því, að framkvæmdir mættu hefjast. Er þau skilyrði höfðu verið uppfyllt og samkomulagið hafði verið staðfest í bæjarráði Kópavogs, hófust framkvæmdir, eins og fyrr segir.

Strax í upphafi sprenginganna komu fram kvartanir og mót-mæli frá íbúum húsanna nr. 3 og 5 við Ásbraut. Af því tilefni voru teknar lögregluskýrslur af nokkrum íbúanna föstudaginn 9. maí 1969.

Í skýrslu Valborgar Vestfjörð Emilsdóttur húsfreyju segir m. a.:

„Ég bý í íbúð á efstu hæð til vinstri í blokkinni nr. 5 við Ásbraut. Nú undanfarna daga hafa orðið nokkrar skemmdir á íbúðinni vegna sprenginga, sem sprungdar eru vegna vegaframkv. fyrir utan blokkina.

Viðast hvar í íbúðinni hafa myndast sprungur fyrir ofan dyr og glugga í íbúðinni, sem ég tel, að sé vegna umræddra sprenginga, og sprungur þessar voru ekki áður en byrjað var á framkvæmdum þessum.

Ég hef verið heima hjá mér alltaf fyrir hádegi undanfarna daga og a. m. k. verið í íbúðinni, þegar tvær sprengingar hafa verið sprungdar á hverjum degi. Ég hef orðið fyrir óþægindum vegna sprenginganna, og s.l. mánudag, er ég var stödd í íbúðinni, datt ég á borð, sem ég stóð við, vegna þess að blokkin titraði svo mikið við sprenginguna“.

Í skýrslu Guðmundu Sigurðardóttur húsfreyju segir m. a. á þessa leið:

„Ég bý á efstu hæðinni í húsinu nr. 5 við Ásbraut og bý í íbúðinni fyrir miðju. Ég á umrædda íbúð ásamt eiginmanni mínum Árna Óskarssyni.

Nokkrar skemmdir hafa myndast í íbúðinni nú að undanfögnu, sem ég tel, að stafi frá jarðvegasprengingum vegna vegaframkvæmda fyrir utan blokkina. Skemmdir þessar eru þær, að í austurveggina á eldhúsinu hefur myndast sprunga, sem nær frá gólfi og upp í loft, einnig hefur komið sprunga fyrir ofan eldhúsdýrnar, og nær sprunga þessi frá dyrunum og upp í loft, sprunga þessi er í veggnum, þeim megin sem læsingin er á hurðinni. Þá hefur einnig stækkað sprunga, sem áður var í eldhúsveggnum, og er sú sprunga í austurveggnum ofantil og náði skáhallt frá suðurveggnum og upp að loftinu. Þessi sprunga hefur bæði lengst og opnast meira.

Í eldhúsinu á íbúð minni er fataskápur úr tré, og var hann fastur við vegg, en sprunga hefur myndast við skápinn, þar sem hann kemur við vegginn, og er skápurinn að losna frá veggnum“.

Skýrslur annarra íbúa eru mjög á sömu lund, og eiga þessar skýrslur það sammerkt, að sérstaklega eru tilnefndar sprengingar mánudaginn 5. maí, en þá var einkum sprengt stórgrýti í stæði tengivegarins. Þá segir svo í skýrslu Guðnýjar Benediksdóttur húsfreyju:

„Ég bý á annarri hæð fyrir miðju í húsinu nr. 3 við Ásbraut.

Ég á íbúðina, sem ég bý í. Ekki hef ég orðið vör við skemmdir í íbúð minni af völdum sprenginganna, sem sprengdar eru fyrir utan blokkina s.l. daga. En ég hef orðið fyrir ónæði af völdum sprenginganna. Og mér hefur brugðið mjög, þegar sprengt er, og það heyrst ekki inn til mín, þegar gert er aðvart fyrir sprengingarnar, enda snúa gluggarnir á minni íbúð frá þeim stað, þar sem sprengt er. Það er mjög mikill hávaði af því, þegar verið er að bora til að sprengja, og mér finnst vera meiri óþægindi af borunum heldur en sprengingunum að öðru leyti en því, að skemmdir verða í húsinu vegna sprenginganna. Ég hef þó ekki séð skemmdirnar af völdum sprenginganna, en mér er sagt, að fólk sé farið að taka eftir sprungum í húsinu, sem taldar eru af völdum sprenginganna“.

Með beiðni, dags. 23. september 1969, var þess beiðst f. h. eigenda Ásbrautar 3 og 5, að dómkvaddir yrðu menn „til þess að skoða sprungur, sem fram hafa komið á fyrrgreindu húsi og einstökum íbúðum í því,“ svo sem orðrétt hermir í beiðninni.

Daginn eftir voru dómkvaddir til matsins þeir Guðmundur Óskarsson verkfræðingur og Þórður Þórðarson múrarameistari. Skiludu þeir ítarlegri matsgerð, dags. 17. janúar 1970. Niðurstaða þeirra er á þá lund, að þeir telja samanlagða matsfjárhæð eins og hér segir:

Vegna viðgerða á sprungum innanhúss	kr. 246.630
Vegna rakavarnar sprungna utanhúss	kr. 70.000
Vegna rýrnunar verðmæta	kr. 1.239.000

Samtals kr. 1.555.630

Ofangreindir liðir matsniðurstöðu voru sundurliðaðir nánar í matsgerðinni.

Matsmenn skýra frá því, að á fyrsta fundi þeirra með aðiljum 27. september 1969 hafi verið fulltrúar beggja málsaðilja, enn fremur íbúðareigenda og tryggingarsala stefnanda. Voru þá lagðar fram greinargerð og skrá yfir sprungur í umræddum húsum, gerð í ágúst og september 1968 af starfsmönnum í þjónustu stefnda, og skrá, gerð af sömu mönnum í maí 1969, er sprengingum í vegarstæðinu næst húsinu var lokið.

Á næstu vikum gengu matsmenn í allar íbúðir húsanna, skoðuðu alla fleti og gerðu lista yfir allar sprungur, sem þeir greindu og ekki voru í skráningunni haustið 1968.

Í forsendum matsmanna segir svo:

„Matsmenn telja, að hinar nýju sprungur geti því aðeins hafa myndast, að húsið hafi orðið fyrir miklum titringi frá jarðskjálfta eða sprengingum.

3.1. Jarðskjálftar.

Á tímabilinu frá ágúst 1968 til dagsins í dag hefur orðið aðeins einn verulegur jarðskjálfti, en það var 5. desember 1968. Samkvæmt upplýsingum Ragnars Stefánssonar á jarðeðlisfræðideild Veðurstofu Íslands var styrkleiki hans á umræddu svæði milli 4 og 5 stig eftir Mecalli skala. Að sögn Ragnars svarar þessi styrkleiki til þess, að sprungur, sem eru fyrir í steinsteyptum húsum, geti opnast lítilsháttar, en hverfandi litlar líkur séu á því, að nýjar sprungur geti myndast, jafnvel þótt húsin væru aðeins miðlungi vel byggð.

3.2. Sprengingar.

Sprengingar við lagningu Ásbrautar voru miklar og aðeins í fárra metra fjarlægð frá húsinu. Við hinar stærstu þeirra titraði það mjög. Samanber lögregluskýrslu dags. 9. maí 1969 kveðst fólk hafa kastast til, þar sem það stóð eða sat, og fullyrðir, að sprungur hafi myndast í vegg. Þá tjáði Pálmi Steingrímsson, einn af eigendum hússins, matsmönnum, að ljósakrónur hefðu sveiflast til við stærstu sprengingarnar og munir fallið á gólfíð í íbúðum og geymslu. Með hliðsjón af ofangreindu og þeirri umsögn Ragnars Stefánssonar, að hverfandi litlar líkur væru á því, að fyrrgreindur jarðskjálfti hefði getað myndað nýjar sprungur, álykta matsmenn, að þær stafi frá sprengingunum.“

Stefndi vildi eigi una niðurstöðu matsmanna og óskaði yfirmats með beiðni, dags. 16. febrúar 1970, en í henni segir á þessa leið:

„Ég leyfi mér því, hr. bæjarfógeti, að biðja yður að tilnefna þrjá hæfa og óvilhalla menn til þess að framkvæma yfirmat á þeim atriðum, sem í undirmatsgerð greinir, en að lokinni útnefningu mun yfirmatsmönnum fengin í hendur undirmatsgerðin og önnur gögn.

Þess er beiðst, að yfirmatsmenn geri mér f. h. yfirmatsbeiðanda og Þorvaldi Lúðvíkssyni hrl., Skólavörðustíg 30, Reykjavík, f. h. eigenda Ásbrautar 3 og 5 og Páli Hannessyni verkfræðingi f. h. Hraðbrautar h/f sannanlega aðvart, hvenær matið á fram að fara, svo að þeim veitist kostur á að vera viðstaddir, skila greinargerðum og flytja mál sitt fyrir yfirmatsnefndinni og gæta hags-

muna sinna í hvívetna, en þetta hefur undirmatsmönnum láðst í verulegum atriðum.“

Til yfirmats voru dómkvaddir þeir Guðmundur Einarsson verkfræðingur, Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður og Sigurður Helgason múrarameistari. Í matsgerð þeirra, dags. 14. maí 1971, segir m. a. svo:

„Í útboðslýsingu varðandi lagningu Hafnarfjarðarveggar í Kópavogi er tekið fram, að stoðmúr komi í suðurkanti tengivegar á Kársnesbraut, fyrir framan sambýlishúsið nr. 3—5. Skal hann styðja við fyllingu á lóð norðan sambýlishússins. Stoðmúrinn gengur niður á klöpp, og er gerð í hana 15 cm djúp rás.

Í þeim kafla útboðslýsingar þessarar, sem fjallar um sprengingar, segir m. a., að sprengingar megi ekki hefjast, fyrr en úttekt og mælingar eftirlitsmanns hafi farið fram á klöppinni, og skuli eftirlitsmanninum tilkynnt um tímasetningu allra sprenginga fyrirfram. Á því tímabili, sem sprengingar fari fram, skuli verkkaupi annast sérstakar mælingar á jarðsveiflum við þær byggingar, sem næst standi sprengisvæðinu. Verði í þessu skyni settir upp sjálfritandi sveiflumælur (vibrographs) við viðkomandi byggingar og verði verksala tilkynnt um staðsetningu þeirra. Sveifluhæð (amplitude) af völdum sprenginga verksala, sem þannig verði mæld, megi ekki fara yfir 150 μ (0,15 mm).

Þess er enn fremur getið í nefndri útboðslýsingu, að verksali skuli haga meðferð sprengiefnis og vinnu við sprengingar þannig, að ekki hljóti tjón af, enda sé verksali ábyrgur fyrir öllum skemmdum á húsum og mannvirkjum, er orsakast kunna vegna sprenginga hans. Til þess að fyrirbyggja óréttmætar skaðabóta-kröfur vegna tjóns á nálægum mannvirkjum, verði framkvæmd hlutlaus úttekt á ástandi nálæggra mannvirkja, áður en sprengingar hefjist, og niðurstöður úttektarinnar skrásettar. Muni verksala gefinn kostur á að vera viðstaddur, er úttektin fari fram.

Verksali við framangreint verk var Hraðbraut s.f., Grænutungu 3, Kópavogi. Forstöðumaður fyrirtækis þessa segir í skýrslu sinni, dagsettri 9. janúar 1971, varðandi framkvæmdir við sprengingar fyrir götustæði og stoðmúr við húsin nr. 3 og 5 við Ásbraut, að það verk hafi alveg verið komið í eindaga vegna ýmissa tafa um 10 mánaða skeið.

Hafi hann því reynt að hraða framkvæmdum eins og unnt hafi verið og gefið sprengingameistara verksins fyrirskipanir um að nota sprengiefnamagn, sem sér hafi reiknast til, að lægi þó vel innan við þau mörk, sem sett hafi verið í útboðslýsingunni og

væri samkvæmt þeim reglum, sem settar eru fram í handbók Norsk Sprængstof A/S svo og í sænsku handbókinni „Bergsprængningsteknik“, en báðar séu bækur þessar ritaðar af viðurkenndum sérfræðingum í sprengingum.

Um fyrirkomulag sprenginga, magn og holufjölda vísaði forstöðumaðurinn til skýrslu sprengingameistarans. Ennfremur getur forstöðumaðurinn þess í skýrslu sinni, að eftir að kvartanir fóru að berast, hafi hann talið nauðsynlegt að draga úr sprengikraftinum.

Sprengingameistari verksins, Jón Þórðarson, kveðst hafa stjórn að sprengingum og ákveðið hleðslur samkvæmt fyrirmælum forstöðumanns verksala. Hann kveðst hafa byrjað sprengingar fyrir stoðmúrnum, sennilega 5. maí 1969, og hafi verið sprengt fyrir honum sérstaklega, ekki þó þannig, að sprengt hafi verið fyrir honum öllum, áður en sprengt hafi verið fyrir vegarstæðinu, heldur hafi sprengingar fyrir stoðmúrnum verið nokkuð á undan.

Hann kveður klöppina hafa verið úr grágrýti, en með sprungum og leirlögum á milli, sem dregið hafi úr sprengikrafti. Hann kveðst hafa borað 24 holur í einu, fjórar á breiddina og sex á lengdina og hafi haft 70—80 cm bil á milli holanna. Um leið og sprengingameistarinn lét yfirmatsmönnum þessar upplýsingar í té, dró hann upp og afhenti þeim sýnishorn af slíku borsvæði með 24 holum, og kemur þar fram, hvernig hann hafi númerað hvellhetturnar.

Sprengingameistarinn kveðst ætíð byrja þannig á verki að meta samkvæmt reynslu sinni, sem byggð sé á 4 ára starfi sem sprengingameistari, hversu miklar hleðslur þurfi í borholur, og nota þá 2/3 hluta af því, sem hann telji þurfa. Síðan meti hann út frá þeim árangri, sem það skot gefi, hvernig hlaða eigi fyrir næsta skot og svo koll af kolli. Hann kveðst alltaf bora niður fyrir þá dýpt, sem hafi átt að sprengja, og hafi full dýpt verið tekin þá í einu skoti. Fullur árangur hafi alltaf orðið af sprengingunum, og man hann ekki til þess, að þurft hafi að endurtaka sprengingu, enda hafi aldrei verið dregið úr sprengimagninu allan tímann. Hann kveðst hafa fært bók yfir sprengingarnar daglega og jafnóðum og sprengingarnar voru framkvæmdar. Hafa yfirmatsmenn haft þessa bók til athugunar, og kemur fram af henni dagsetning og tímasetning sprenginga svo og sprengimagn ásamt hvellhettufjölda hverju sinni.

Yfirmatsmenn létu gera útreikning varðandi sýnishorn það af borsvæði því, sem að framan getur, byggðan á sprengimagni því

og hvellhettufjölda, sem fram kemur af dagbókinni, og fæst þannig út kg sprengiefnis á hverja hvellhettu. Var forstöðumanni verk-sala sýnt bæði sýnishornið og útreikningurinn, og hefur hann staðfest hvort tveggja rétt með undirskrift sinni. Lýsti forstöðu-maðurinn því jafnframt yfir, að hann teldi stystu fjarlægð milli borholu og nálægasta punkts í húsvegg við húsin nr. 3 og 5 við Ásbraut hafa verið um 6 metra.

Byggingarnefnd Hafnarfjarðarvegar réð Theódór Árnason, verkfræðing, sem eftirlitsmann með framkvæmdum, og jafnframt var samið við Guðmund Magnússon, verkfræðing, að koma í stað Theódórs í fjarveru hans.

Í aprilmánuði 1969 fóru þeir Thoódór Árnason og Guðmundur Magnússon, verkfræðingar, báðir utan. Kom Theódór aftur 7. eða 8. s. m., en Guðmundur Magnússon kom aftur úr sinni för stuttu síðar. Meðan þeir Theódór og Guðmundur voru erlendis, var Gunnari Rósinkrans, verkfræðingi, falið að annast mælingar í fjarveru þeirra og hafa með höndum daglegt eftirlit. Theódór Árnason segir hins vegar, að Gunnari Rósinkrans hafi ekki verið falið að taka neinar mikilvægar ákvarðanir, enda hafi ekki verið talið, að til slíks þyrfti að koma, þar eð lítið myndi verða um aðgerðir, meðan þeir Guðmundur Magnússon væru báðir fjar- verandi.

Forstöðumaður verksala segir, að sökum fjarveru eftirlitsmann-anna Theódór Árnasonar og Guðmundar Magnússonar hafi ekki verið hægt að tilkynna þeim um, áður en sprengingar við húsin nr. 3 og 5 við Ásbraut hafi hafizt. Hann kveður tilraunaspreng-ingar einungis hafa verið gerðar við aðalveginn, en engar við húsin nr. 3 og 5 við Ásbraut. Þar hafi heldur ekkert sprengiplan verið gert, enda ekki venja við slíkar smásprengingar. Hann seg-ir, að breytt hafi verið um aðferð við sprengingar við húsin nr. 3 og 5 við Ásbraut. Fyrst hafi verið sprengt fyrir stoðmúrnum eingöngu, þ. e. að austanverðu, enda hafi þar ekki þurft að sprengja fyrir götustæðinu. Eftir því sem vestar hafi dregið, hafi fyrst verið sprengt fyrir götustæðinu og síðan fyrir stoðmúrnum og að lokum vestast fyrir götustæðinu, stoðmúrnum og götu- stæðinu.

Með bréfi, dagsettu 3. marz 1971, sendu yfirmatsmenn Guð- mundi Magnússyni, verkfræðingi, ljósrit af yfirliti yfir fram- kvæmdir sprenginga fyrir stoðmúr framan við húsin nr. 3 og 5 við Ásbraut, Kópavogi, svo og ljósrit af sýnishorni því af bor- svæði, sem sprengingameistarinn hafði gert fyrir yfirmatsmenn,

og fóru þess á leit, að hann reiknaði út skv. gögnum þessum sprengistyrkleika í sprengingunum, þ. e. sveifluhæð (amplitude) í bergi við undirstöður nr. 3 og 5 við Ásbraut. Jafnframt óskuðu yfirmatsmenn eftir samanburði á sprengistyrkleika þessum miðað við kvaðir í útboðslýsingu og samanburði við viðmiðunarreglur varðandi hættumörk skemmda á nærliggjandi mannvirkjum.

Í svarbréfi Guðmundar Magnússonar, verkfræðings, dagsettu 10. s. m., segir m. a. svo:

„Skv. meðfylgjandi „yfirliti yfir framkvæmdir sprenginga fyrir stoðmúr við Ásbraut 3—5 vorið 1969 hafa við sprengingar fyrir stoðmúr aldrei verið fleiri en 3 holur í númeri. Á lægsta númeri (venjul. nefnt nr. 0) voru hvergi fleiri en 2 holur. Gera verður ráð fyrir, að sammiðjulína holuraða hafi fallið saman við miðlínu undirstöðuklossa stoðmúrs. Sú lína er 6,95 m frá húsi. Með þrem holum í sama númeri og staðsetningu eins og fyrir nr. 10 í „Dæmi um borplan“ verður meðalfjarlægð milli borhola, þar sem springur samtímis, lítið eitt milli, þ. e. 6,8 m. Af „Skrá yfir einstakar sprengingar“ er ekki með vissu hægt að sjá, hvaða sprengingar eru í skurði stoðmúrs og hverjar eru í götustæði eða holræsissskurði.

Fyrst er fundið, hvaða sprengingar gefa meiri sveifluhæð en 150 μ , miðað við bergstuðul: K-800.

Skv. skránni verða það eftirtaldir sprengingar, og er (til könnunar) einnig gefin upp sú fjarlægð frá húsi (^dmín.), sem nauðsynleg er, til að ekki sé farið yfir leyfileg mörk:

		^d mín
Sprenging 7/5 kl. 19.40	A-189 μ	8,4 m
Sprenging 8/5 kl. 10.40	A-180 μ	8,2 m
Sprenging 8/5 kl. 11.45	A-159 μ	7,2 m

Hafi þessar sprengingar verið í skurði fyrir stoðmúr, er því ljóst, að hleðsla hefur verið yfir hættumörkum.

Í framangreindum útreikningi er miðað við bergstuðul: K-800. Telja yfirmatsmenn þetta vera í samræmi við mælingar á sprengingum 13. og 14. nóvember 1968 í vegstæði Hafnarfjarðarveggar í Kópavogi og upplýsingar Ragnars Heggstad í ritinu: Orientering om rystelses- og luftstötuvirkningar fra sprengning i fjell, sem gefið er út í Oslo í maí 1958. Þar segir á bls. 8, að fyrir „middels hardt fjell“ sé K meðaltal — 800.

Rétt er að geta þess í þessu sambandi, að forstöðumaður Hraðbrautar s.f., en það fyrirtæki var verksali, eins og fyrr greinir, telur, að bergstuðull geti tæplega verið hærri en 700—750, en

miðað við þær tölur myndi styrkleiki sprengingarinnar 7. maí 1969 kl. 19.40 hafa verið A-164 μ miðað við 700 og A-176 μ miðað við 750.

Til grundvallar útreikningi þeim, sem að framan getur, hefir eftirfarandi formúla verið notuð til þess að finna sveifluhæð af

$$K\sqrt{Lx s}$$

$$\text{völdum sprenginganna: } A = \frac{\quad}{d}$$

Þarna merkir A sveifluhæð (Amplitude í 1/1000 mm)

K bergstuðul (fjell konstant)

L hleðslu í kg

S samverkun og

d fjarlægð í metrum.

Miðað við bergstuðul: K-800 og borplan, þar sem þrjú númer tímahvellhetu eru tengd saman og meðaltalsfjarlægð borholanna frá mannvirki, 6,80 m, verður útreikningurinn þannig:

$$A = \frac{800\sqrt{3 \times 1,29 \times 2/3}}{6,80} = 189\mu$$

Samkvæmt öllu framangreindu er það álit yfirmatsmanna, að sprengikraftur við sprengingar verksala framan við húsin nr. 3 og 5 við Ásbraut, Kópavogi, hafi þann 7. og 8. maí 1969 farið að sprengistyrkleika upp fyrir það hámark, 150 μ , sem leyfilegt var samkvæmt útboðslýsingu, sbr. grein 3.4.3., sprengingar, bls. 41 í útboðslýsingunni“.

Enn fremur svo um niðurstöður:

„Það var sameiginlegt álit yfirmatsmanna og lögmanna yfirmatsbeiðanda og yfirmatsþola, þegar skoðun fór fram hinn 3. febrúar 1971, að yfirlit undirmatsmanna hafi verið rétt varðandi viðbótarsprungur á húsunum nr. 3 og 5 við Ásbraut, frá því að úttekt og sprunguskráning fór fram á árinu 1968. Miðað við aldur húsanna telja yfirmatsmenn engin skynsamleg rök hníga að því, að þessar fjölmörgu viðbótarsprungur, sem að vísu eru eðlislægar sprungur í járnbentum steinsteypuhúsum, hafi myndast frá þeim tíma, er skoðun fór fram árið 1968 án utanaðkomandi orsaka.

Með bréfi, dagsettu 9. janúar 1971, sneru yfirmatsmenn sér til Ragnars Stefánssonar, jarðskjálftafræðings í Veðurstofu Íslands, og fóru þess á leit, að hann gerði yfirlit um mestan árlegan jarð-

skjálftastyrkleika á svæði því, sem húsin nr. 3 og 5 við Ásbraut í Kópavogi standa á, árin 1961 til 1970, að báðum árum meðtöldum. Óskuðu þeir þess jafnframt, að hann léti í ljós álit sitt á því, hvort einhverjar af þeim jarðhræringum gætu hafa valdið sprungum í mannvirkjunum, og ef svo væri, þá hverjar þeirra.

Í svari hans, dagsettu 15. febrúar 1971, segir m. a. svo:

„Varðandi það atriði, hvort einhver ofanefndra jarðskjálfta gæti hafa valdið sprungum í ákveðnum húsum í Kópavogi, þá er það helzt jarðskjálftinn 5. des. 1968. Þó er ekki líklegt, að sá jarðskjálfti hefði getað valdið sprungum annars staðar en þar sem veikleiki hefði verið fyrir í veggjum.“

Niðurstaða yfirmatsmanna verður því samkvæmt öllu framan-sögðu sú, að sprengikrafturinn frá sprengingunum við húsin nr. 3 og 5 við Ásbraut, Kópavogi, hinn 7. og 8. maí 1969 sé einn nægileg skýring á hinum fjölmörgu viðbótarsprungum og stækkun á þeim sprungum, sem fyrir voru. Hinsvegar telja yfirmatsmenn að sprengistyrkleiki þessi hafi verið vel innan þeirra marka, sem gætu valdið burðarþolslegum skemmdum á húsunum“.

Að lokum draga þeir saman heildarniðurstöðu vegna viðgerðarkostnaðar og verðyrnunar beggja húsanna, og nemur það kr. 1.013.130.

Með stefnu, dagsettri 20. júní 1970, höfðu eigendur Ásbrautar 3 og 5 hafið málarekstur á hendur stefnda og krafist skaðabóta á grundvelli undirmatsins, en með tilkomu yfirmatsgerðarinnar lækkaði krafan til samræmis við niðurstöðutölu hennar.

Undir rekstri máls þessa sendi bæjarstjóri f. h. stefnda framkvæmdastjóra stefnanda bréf, dags. 21. júlí 1971, en í því segir á þessa leið:

„Bæjarráð álitur yfirmatsgerðina vel rökstudda og telur vart hugsanlegt að fá bótafjárhæðina lækkaða fyrir dómi. Yður hefur oft verið gefinn kostur á því að halda uppi vörnum í matsmáli þessu, og hafið þér einnig gert það að nokkru með framlagningu greinargerðar Páls Hannessonar, verkfr., svo og með útskýringum hans á málinu fyrir yfirmatsmönnum.

Eigendur Ásbrautar 3—5 hafa, eftir að undirmati lauk, stefnt bæjarsjóði Kópavogs fyrir bæjarþing Kópavogs til greiðslu bóta. Mál þetta verður næst tekið fyrir í september n.k.

Bæjarráð vill nú gefa yður kost á því, að Hraðbraut s.f. eða tryggingarfélag þess taki við rekstri máls þessa, enda skuldbindi Hraðbraut s/f eða tryggingarfélag þess sig til að greiða

eigendum húsanna þær bætur, sem dæmdar kunna að verða ásamt kostnaði.

Fallizt þér ekki á þessa meðferð málsins fyrir 8. ágúst 1971, mun bæjarsjóður Kópavogs greiða húseigendum bætur samkv. yfirmatinu og jafnframt krefja Hraðbraut s/f og/eða tryggingarfélag þess, þ. e. Samvinnuþryggingar, um bótafjárhæðina ásamt kostnaði við matsgerðir og annan áfallinn kostnað.

Þar sem þér og tryggingarfélag yðar hafið þegar haft ljósrit af yfirmatsgerðinni til athugunar um nokkurn tíma, vil ég vænta svars við bréfi þessu fyrir 8. ágúst 1971“.

Bréfi þessu var ekki svarað formlega af hálfu stefnanda eða Samvinnuþrygginga. Lauk málarekstrinum með dómssátt hinn 23. september 1971.

Með bréfi, dags. 17. nóvember 1971, tilkynnti lögmaður stefnda Páli Hannessyni, framkvæmdastjóra stefnanda, að bæjarsjóður Kópavogs hefði lagt út samtals kr. 2.010.769 til að fullnægja sáttargerðinni frá 23. september og hefði þessi fjárhæð verið færð til skuldar á viðskiptareikningi stefnanda hjá bæjarsjóði. Páll Hannesson mótmælti kröfunni sem rangri svo og skuldajafnaðarfærslunni. Jafnframt var því lýst yfir, að af hálfu stefnanda yrðu hafðar uppi skaðabótakröfur vegna verksamningsins, og í því sambandi vísað til bréfa til byggingarnefndar Hafnarfjarðarveggar, meðan beðið var eftir, að hægt yrði að hefjast handa um byggingu stoðmúrsins og lagningu tengivegarins. Enn fremur til bréfa, sendum bæjarstjóra undir rekstri matsmálanna.

Páll Hannesson framkvæmdastjóri lagði fram sundurliðaða skaðabótakröfu stefnanda á hendur stefnda, að upphæð kr. 3.820.375. Við skriflegt uppgjör aðilja daginn eftir var skaðabótakröfunni vísað á bug svo og vaxtakröfu stefnanda. Af hálfu stefnanda var því lýst yfir, að hafist yrði handa um málssókn til heimtu ofangreindra krafna að viðbættri kröfu til að hnekkja skuldfærslu dómssáttarupphæðarinnar, kr. 2.010.769.

Verður nú vikið nánar að helstu atriðum í skýrslum fyrirsvaramanna aðilja og vitna til frekari upplýsinga málavöxtum.

Matsmennirnir Guðmundur Óskarsson og Þórður Þórðarson staðfestu matsgerð sína fyrir dómi 12. janúar 1973.

Í skýrslum þeirra kemur fram, að einn fundur hafi verið haldinn með umboðsmönnum aðilja í upphafi, en síðan ekki meir. Hafi þeir matsmennirnir leitað eftir athugasemdum við framlögð gögn, en þar sem engin mótmæli eða athugasemdir hafi

verið gerðar, hafi þessi gögn verið lögð til grundvallar við matið. Þeir telja báðir, að allar „eðlilegar“ sprungur hefðu átt að vera komnar fram í umræddum húsum sumarið og haustið 1968, er sprunguskráning fór fyrst fram.

Guðmundur Óskarsson telur húsin vera lakari byggingarlega séð en almennt gerist, en Þórður telur þau í meðallagi í því tilliti.

Yfirmatsmennirnir staðfestu gerð sína í þinghaldi 21. maí og 5. nóvember 1973.

Í skýrslu Sigurðar Helgasonar múrarameistara segir m. a., að þeir yfirmatsmennirnir hafi lagt upphaflega sprunguskráningu til grundvallar sem viðmiðun. Hafi þeir ekki gert neinar athuganir til að sannreyna hana eða vinnubrögð skráningarmanna.

Hann álitur umrædd hús sæmileg að byggingu og frágangi.

Sigurður segir aðspurður það vera sitt álit, að sprungurnar í húsunum hafi verið svo miklar, að þær gætu ekki hafa komið fram án utanaðkomandi orsaka, en tekur jafnframt fram, að þær gætu hafa komið fram, þótt sprengingum hefði ekki verið til að dreifa. Hann segist vita um sprunguskemmdir á húsum af völdum jarðskjálftans í desember 1968 og nefnir þar til dæmis Landakotsspítalann.

Guðmundur Einarsson verkfræðingur segir í skýrslu sinni, að bergstuðullinn K-800, sem miðað sé við í matsgerðinni, hafi verið ákveðinn með hliðsjón af upplýsingum Guðmundar Magnússonar verkfræðings, sem hafði eftirlit verksins með höndum, en hann hafði staðið að tilvitnuðum mælingum sprenginga 13. og 14. nóvember 1968. Hann kveður sér hafa verið kunnugt um, hvernig mælingar Guðmundar Magnússonar hafi verið framkvæmdar, og kveðst hafa talið þær fullnægjandi.

Varðandi tilvitnað svar Ragnars Stefánssonar jarðskjálftafræðings, sem getur á bls. 11 í matsgerðinni, segir hann, að ekki hafi verið hægt að fá nákvæmari upplýsingar um greindan jarðskjálfta heldur en almennt um eðli sveiflunnar. Ekki hafi verið hægt að áætla sveifluhæðina og tilgreina hana í μ .

Aðspurður kveðst hann hafa í starfi sínu sem verkfræðingur staðið fyrir fjölmörgum verkum, þar sem sprengingum þurfti að beita, svo og samið fjölmörg sprenginga- og borplön. Hafi hann í því sambandi haft til hliðsjónar handbækur um sprengingar, fyrst og fremst Dupont handbókina. Þá hafi hann notið aðstoðar og tilsagnar erlendra sprengjusérfræðinga.

Varðandi spurningu, sem borin var fram í upphafi, tekur hann fram, að hér á Íslandi hagi þannig til, að mjög erfitt sé að ákvarða

bergstuðul absolut, þar sem algengt sé, að þéttleiki klappar sé mismunandi á sama klapparsvæði. Að sinni hyggju leiði þetta til þess, að til þessa sérstaka atriðis verði að taka fullt tillit við sprengingar.

Vitnið kveður, að skemmdirnar á húsunum nr. 3 og 5 við Ásbraut hafi verið mestar í eystra húsinu. Hann kveður, að þeir matsmennirnir hafi reynt að staðsetja sprengingarnar þrjár, sem getur neðarlega á bls. 7 í matsgerðinni.

Guðmundur kveður, að samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir matsmönnunum lágu, hafi það verið álit þeirra, að ofanefndar þrjár sprengingar hafi verið þær einu, sem hafi farið yfir þau mörk, sem ákveðin hafi verið í verklýsingunni.

Lögmaður stefnanda leggur eftirfarandi spurningu fyrir Guðmund: Geta loft og veggir herbergja í húsunum nr. 3 og 5 við Ásbraut, sem voru í meira en 8.4 m fjarlægð frá sprengingastaðnum, hafa orðið fyrir spjöllum af völdum sprengingarinnar 7. maí 1969? Hann svarar þessari spurningu játandi og tekur fram í því sambandi, að sé sprengt með nægum styrkleika og það nálægt, að áhrif hafi á byggingu, þá séu líkur til, að hún hreyfist einnig, sé stífleiki hennar nægur. Hann tekur enn fremur fram, að það hafi komið í ljós, að sprungur voru meira áberandi í þverveggjum nær stoðmúr en fjær. Hann segir, að þrátt fyrir þetta, sem nú sé sagt, hafi ekki komið fram neitt hegðunarmynstur einstakra sprenginga við athugun og samanburð á sprungum.

Fyrir liggur í málinu álitserð norska verkfræðingsins Arne B. Vagstein um áhrif sprenginga almennt og sérstaklega með tilliti til sprenginga þeirra, sem hér um ræðir. Álitserð þessi, sem dagsett er 5. júní 1972, er fengin að tilhlutan Páls Hannessonar, framkvæmdastjóra stefnanda, og studd gögnum frá honum.

Óumdeilt er, að Vagstein þessi er sprengingasérfræðingur, en hann starfar sem yfirverkfræðingur hjá sprengiefnadeild Dyno Industrier A/S í Osló. Vagstein var ráðgefandi verkfræðingur hjá byggingarnefnd Hafnarfjarðarvegar vegna fyrirhugaðra sprenginga, og eru þeir kaflar í útboðslýsingu, sem varða sprengingar, samdir eftir ráðleggingum hans. Hann kom fyrir dóm-inn sem vitni hinn 8. maí 1973 og staðfesti ofanefnda álitserð, sem hann kvað reista á grunni upplýsinga, sem hann hefði fengið í hendur um gerð bergsins, svo og sprengiskýrslu, sem honum hafi verið látin í té.

Hann kveðst hafa fengið ofanefnda sprengingaskýrslu frá

Páli Hannessyni og upplýsingar að nokkru leyti frá honum einnig um gerð bergsins, en einnig hafi hann verið viðriðinn mælingar bergsins og hafi þá fengið upplýsingar um bergstuðulinn frá Guðmundi Magnússyni verkfræðingi.

Hann telur það vera algengt við framkvæmd sprenginga, að einstakar sprengingar fari að sveifluhæð fram yfir leyfilegt hámark. Í Noregi sé fylgst með slíkum framkvæmdum með mælingum og styrkleiki áframhaldandi sprenginga ákveðinn á grundvelli þeirra.

Lögmaður stefnda spyr Vagstein, hvaða gildi hann telji vera sem hæsta leyfilega mark sveifluhæðar við einstakar sprengingar, þannig að ekki valdi tjóni á mannvirkjum.

Hann kveður svar sitt miðað við byggingu á traustum grunni. Geti þá einstakar sprengingar með sveifluhæð 250—300 μ verið skaðlausar.

Af hálfu stefnanda er hann spurður eftirfarandi spurningar: Er það líklegt, þar sem um tvö aðskilin hús er að ræða, eins og húsin nr. 3 og 5 við Ásbraut, að einstök sprenging, sem fari fram úr leyfilegri sveifluhæð miðað við afstöðu annars hússins frá sprengistaðnum, geti valdið jöfnum skaða á báðum húsunum og á öllum hæðum?

Vagstein svarar spurningunni neitandi. Hann tekur fram, að titringurinn minnki eftir því sem fjær dregur sprengingastaðnum.

Af hálfu stefnanda er hann spurður, hvort ekki séu líkur til, að fram kæmu stórar sýnilegar vegg sprungur í þeim vegg hússins að Ásbraut 5, sem næstur er sprungustað, ef sú sprenging hefði átt að valda sprungum í gaffli hússins nr. 3.

Vitnið svarar þannig: „Ef mikil spenna er í hluta undirstöðu húsanna, og þar eru leyndir gallar, geta sprungur komið í ljós, en það er óvenjulegt. Ef undirstaða er eðlileg (normal), þá koma skemmdirnar fram næst sprengingastaðnum“. Hann er spurður eftirfarandi spurningar: „Er leyft hámarksgildi sveifluhraða frá sprengingum stundum haft lægra en 150 μ , ef byggingar í nánd eru í lélegu ástandi, og hve mikið neðar er það þá haft?

Hann svarar spurningunni á þá leið, að út frá margvíslegum mælingum hafi það sýnt sig, að 150 μ verki mjög illa á fólk og hægt sé að ákveða lægri tölu, þegar sérstaklega standi á, t. d. þegar tillit þurfi að taka til menningarverðmæta. Hann tekur enn fremur fram, að ekki sé farið niður fyrir 150 μ nema af umhverfisástæðum, en þetta verði að ræða í hverju einstöku

tilviki fyrir sig. Svo virðist sem mörkin fari lækkandi af umhverfisásætæðum.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að sérfræðilegt álit, sem fram komi í vitnisburði Arne B. Vagstein, verði á nokkurn hátt lagt til grundvallar dómi í málinu, þar sem framlag yfirverkfræðingsins falli ekki undir það, sem nefnt sé mat, sbr. 1. mgr. 136. gr. laga nr. 85/1936, en sönnunargögn, sem feli í sér sérfræðilegt álit, verði að vera í þeim búningi sem tilvitnað lagaákvæði greini.

Það er áður fram komið, að í ágúst og september 1968 fór fram skráning sprungna í húsunum nr. 3 og 5 við Ásbraut. Byggingarnefnd Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi hafði vorið 1968 falið þetta verkefni Sigurði Helgasyni lögfræðingi og Guðmundi Magnússyni verkfræðingi. Upphaf greinargerðar þeirra, dags. 17. september 1968, hljóðar svo: „Byggingarnefnd Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi ákvað á s.l. vori, að vegna hinna umfangsmiklu sprenginga, sem fyrirhugaðar eru í stæði hins nýja vegar, skyldi fara fram úttekt á þeim byggingum, sem næst liggja sprengingarsvæðinu. Við ákvörðun þessa var farið að ráðum norska sprengingasérfræðingsins Arne Vagsteins, sem hingað kom á vegum nefndarinnar til ráðgjafarstarfa vegna fyrirhugaðra sprenginga. Í Noregi mun það vera regla, að sveitarfélag annist slíka úttekt til að gæta hagsmuna húseigenda á viðkomandi svæði. Skyldi úttekt þessi einkum fela í sér skrásetningu á sprungum í veggjum og loftum, þannig að unnt yrði að sannprófa, er á þyrfti að halda, hvort breyting hefði orðið á sprunguástandi húsanna á því tímabili, er sprengingar vegstæðisins fara fram. Þannig yrði með úttektinni aflað gagna, sem hvort tveggja í senn yrðu nokkur trygging gegn óréttmætum bótakröfum af hálfu húseigendanna og sönnunargögn í þeirra þágu, ef um réttmætar bótakröfur væri að ræða. Er það álit okkar, að á þennan hátt þurfi ekki síst að gæta hagsmuna húseigendanna“.

Sjálf sprunguskráningin var gerð af tæknifræðingunum Sigurbjarti Jóhannssyni, þáverandi byggingarfulltrúa í Kópavogi, og Ágúst Höskuldssyni, sem nú er látinn.

Þeir Sigurbjartur og Ágúst komu fyrir dóminn 24. janúar og 19. mars 1973 og staðfestu greinda skráningu og kváðu hana gerða eftir bestu þekkingu og samvisku.

Í skýrslum þeirra kemur fram, að verk þetta unnu þeir á kvöldin eftir venjulegan vinnutíma. Var Páli Hannessyni gert viðvart í upphafi, og var hann viðstaddur byrjunina, en er frá

leið, hætti Páll því. Var hann ekki viðstaddur, er þeir skoðuðu húsin nr. 3 og 5 við Ásbraut.

Þeir álíta, að sprungumyndun í greindum húsum hafi ekki verið meiri en við mátti búast eftir aldri þeirra.

Þeir segjast hafa verið beðnir um að framkvæma sprunguskráningu á nýjan leik í nefndum húsum í maí 1969 og sú skoðun og skráning hafi farið fram á nokkrum kvöldum og eftir sömu verklagsreglum og haustið áður. Hafi þetta verið gert að beiðni Björns Einarssonar, framkvæmdastjóra byggingarnefndar Hafnarfjarðarvegar.

Sigurbjartur kom á ný fyrir dóminn 19. september sl.

Hann segir ítarlega aðspurður það vera sitt álit, að fyrri sprunguskoðunin hafi ekki verið síður vandvirknislega unnin og hin síðari. Kveður hann þá Ágúst heitinn hafa reynt eftir fremsta megni að hafa úttektina og skráninguna sem nákvæmasta og vandaðasta. Tekur hann fram í því sambandi, að þeir hafi verið bæði með vasaljós og stækkunargler við skoðanirnar báðar og notað þessi hjálpartæki iðulega. Skoðun utanhúss fór fram í dagsbirtu í bæði skiptin.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum fór þessi síðari skráning þeirra Sigurbjarts og Ágústs fram dagana 12.—17. maí 1969.

Theódór Árnason verkfræðingur kom fyrir dóminn 4. janúar 1974, en hann hafði eftirlit og umsjón með framkvæmdum á vegum byggingarnefndar Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi 1968—1970 ásamt Guðmundi Magnússyni verkfræðingi.

Theódór kveður engar sprengingaáætlanir hafa verið lagðar fram af hálfu stefnanda í upphafi heildarverksins. Hann kveður þá Guðmund báða hafa verið í erindagerðum erlendis, er sprengingar í tengivegarstæðinu hófust. Var Gunnari Rósinkrans verkfræðingi falið á meðan að gera ýmsar mælingar í sambandi við vegarlagninguna, en tekið fram, að hann skyldi engar mikilvægar ákvarðanir taka viðvíkjandi framkvæmd verksins.

Gunnar Rósinkrans segist í sinni skýrslu ekki muna, hvort umræddar sprengingar hófust þá daga, sem hann gegndi fyrir Theódór Árnason, eða hvort það var síðar.

Hann segist hafa haft fyrirmæli um að taka engar mikilvægar ákvarðanir, meðan Theódór var í burtu.

Aðspurður kveðst hann engin fyrirmæli hafa fengið frá Theódór eða öðrum að láta setja upp sveiflurita í Ásbraut 5 vegna sprenginga.

Guðmundur Magnússon verkfræðingur kom fyrir dóminn 22.

apríl og 11. desember 1974 og gerði grein fyrir hlutverki sínu við gerð útboðsgagna í upphafi, hönnun tengivegarins, framkvæmd sprunguskráningarinnar haustið 1968 og eftirliti sem staðgengill Theódórs Árnasonar.

Þá staðfesti hann skrifleg svör sín við 8 spurningum lögmanns stefnanda um sprengingar í tengivegarstæðinu og ýmis atriði í því sambandi, svo sem fyrirmæli um sprengingar í útboðslýsingu, ákvörðun bergstuðuls o. fl. Þykir ekki ástæða til að rekja það nákvæmlega.

Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur kom fyrir dóminn 17. febrúar 1975. Í skýrslu hans kemur fram það álit, að verði spjöll, t. d. sprungumyndun á steinsteypum mannvirkjum af völdum jarðskjálfta, þá séu yfirgnæfandi líkindi til, að þetta komi fram strax og jarðskjálftinn gengur yfir.

Ragnar kveður, að skjálftinn 5. desember 1968 hafi verið áætlaður 6 á Richterskvarða á sínum tíma hér á landi, en yfirleitt hafi hann verið ákvarðaður 5.5 til 6 af hinum ýmsu stofnunum í heiminum, algengast 5.5.

Hann tekur fram aðspurður, að tilgreindur styrkleiki umrædds skjálfta 5 cm/sec^2 sé áætlaður eftir ýmsum upplýsingum almennings, en ekki lesinn af mælum. Hann kveður, að í áætluninni sé ekki tekið tillit til mismunandi jarðvegsstöðu innan Reykjavíkursvæðisins.

Ragnar kveðst ekki geta ábyrgst ofangreinda tölu sem nákvæmlega rétta; gæti hún verið tvöfalt hærri.

Aðspurður segist hann ekki hafa neina vitneskju um tjón af völdum jarðskjálfta á Reykjavíkursvæðinu áratuginn 1960—1970.

Jón Þórðarson, sem var sprengingamaður í þjónustu stefnanda vorið 1969, kom fyrir dóminn 30. nóvember 1973. Kveðst hann hafa séð um sprengingarnar fyrir stoðmúrnum og tengivegarstæðinu. Hafi hann haldið dagbók um sprengingarnar, þar sem skrásett var dagsetning og tímasetning sprenginganna, sprengiefnamagn og fjöldi hvellhettna. Hafi hann afhent Páli Hannesyni þessa dagbók og eftir henni hafi Páll samið greinargerð um sprengingarnar, sem þeir undirrituðu báðir, Páll og hann, og muni greinargerðinni hafa verið komið á framfæri við yfirmatsmenn.

Hann segir sér ekki hafa verið kunnugt um kröfur eða skilyrði útboðsgagna um hámark sveifluhæðar af völdum sprenginga og ekki hafi honum verið gefin nein sérstök fyrirmæli um hleðslur eða annað varðandi sprengingarnar af hálfu yfirmanns stefnanda.

Jón kveðst hafa verið búinn að starfa 3 ár sem sprenginga-
maður vorið 1969 og hafði til þess tilskilin leyfi lögreglustjóra.

Páll Hannesson, framkvæmdastjóri stefnanda, kom fyrir dóm-
inn 12. janúar 1973. Í skýrslu hans segir m. a. á þá leið, að
sprengingar fyrir umræddum stoðmúr og tengivegi hafi orðið
mun meiri en gert var ráð fyrir og reiknað með í útboðsgögnum.
Hafi aukagreiðslur vegna sprenginga numið um kr. 300.000 með
verðlagsuppbótum.

Aðspurður um það atriði, að ekki var í tæka tíð búið að tryggja
framkvæmdarétt af hálfu stefnda, kveðst hann ekki geta flokk-
að það undir annað en trassaskap. Hann kveður, að forsvars-
menn stefnanda og þáverandi framkvæmdastjóri lagningar Hafn-
arfjarðarveggar gegnum Kópavog, Björn Einarsson, hafi samið
um framkvæmdaréttinn við eigendur hússins nr. 3—5 við Ás-
braut, en því samkomulagi hafi verið hafnað af bæjarstjórn Kópa-
vogs. Hafi hann sjálfur og Björn Einarsson freistað þess að ná
þessu samkomulagi við húseigendur án sérstakrar beiðni stefnda,
þar sem fyrirsjáanlegt var, að ef ekkert yrði reynt að gera í
þessu efni, gæti verkið ekki hafist á tilsettum tíma. Í reynd hafi
það verið svo, að gróftur hafi byrjað 10. júlí 1968, en var stöðv-
aður samdægurs, þar sem bæjaryfirvöld höfðu vanrækt að tryggja
framkvæmdarétt.

Hann segist ekki hafa í reynd vitað á þessum tíma um yfir-
vofandi lögbannsaðgerðir af hálfu eigenda Ásbrautar 3—5. Hins
vegar hafi honum verið kunnugt um ýmis stóryrði af hálfu hús-
eigenda og lögmanns þeirra. Páll kveðst hafa heyrt, að húseig-
endur hafi haft í hyggju að girða framkvæmdasvæðið af með
járnkeðjum, en hvort þeir létu verða af þessu, kveðst hann ekki
geta borið um. Hann kveður, að sérstakur vinnuflokkur, sem
átti að vinna verkið við stoðmúr og tengiveg, hafi verið meira
og minna verklaus veturinn 1968—1969. Hafi flokkurinn, sem
var undir stjórn Steingríms Kára Pálssonar trésmíðs, verið haf-
ur í alls konar snatti á vegum stefnanda, og eins var honum kom-
ið í vinnu við verkefni, sem annar verk taki hafði samið um við
stefnda.

Aðspurður um málsmeðferð við undirmat segir Páll, að þá-
verandi lögmaður stefnda, Árni Guðjónsson hæstaréttarlögmaður,
hafi hringt í sig og boðað sig á fund matsmanna sem vitni. Hafi
matsmenn lesið upp matsbeiðni og dómkvaðningu, en ekki hafi
þeir lagt fram nein skjöl önnur, svo hann yrði var við. Hann
kveðst hafa búist við, að hann yrði tilkvaddur síðar á fund mats-

manna, til þess að honum gæfist kostur á að tjá sig eitthvað um viðfangsefnið og þau gögn, sem þeir byggðu á, en sú hafi ekki orðið raunin.

Hann kveðst ekkert frekar hafa af þessu frétt, fyrr en honum var tilkynnt, að matsgerð lægi fyrir og lögmaður stefnda væri búinn að biðja um yfirmat.

Páll kom aftur fyrir dóminn til skýrslugjafar 14. mars sl. og segir þá, að í greindum vinnuflokki Steingríms Kára Pálssonar hafi verið 2 smiðir auk hans, og var það kjarni flokksins. Auk þeirra voru aðstoðarmenn, þ. e. verkamenn. Voru mjög tíð skipti þessara aðstoðarmanna, þar sem ætíð var verið að ráðstafa mönnum í hin ýmsu verk. Páll kveður smiðina hafa verið á tíma-kaupi trésmiða með 20% álagi, en Steingrímur Kári 15% ofan á það. Verkamennirnir á venjulegu verkamannakaupi, 7.—8. texta Dagsbrúnar.

Páll kveður, að verkefni stefnanda frá því í júlí 1968 og fram á vor 1969 hafi eingöngu verið fyrir Framkvæmdanefnd Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi skv. verksamningi 1. júlí 1968 svo og verk fyrir Kópavogskaupstað, sem fólst í því að grafa úr vegarstaði vestasta hluta fyrirhugaðs Nýbýlavegar og koma þar fyrir sprengigrjóti úr „gjánni“.

Páll tekur fram, að veturinn 1968—1969 hafi verið frekar lítill að gera hjá Hlaðbæ h/f og Miðfelli h/f, og var því viðleitni í þá átt að koma mönnum og vélum fyrir í heildarverki því, sem málið fjallar um.

Páll tekur fram, að engir menn hafi verið á launaskrá hjá Hraðbraut s/f, heldur voru viðkomandi starfsmenn á launum hjá Hlaðbæ h/f og Miðfelli h/f. Var vinna þeirra þannig bókhaldslega útseld til Hraðbrautar s/f. Hann kveður Hlaðbæ h/f og Miðfell h/f hvort um sig hafa tekið ábyrgðartryggingu að fjárhæð kr. 3.000.000 á umræddum tíma.

Varðandi sprunguskráninguna haustið 1968 kveður Páll, að hann hafi, fljótlega eftir að hún hófst, sagt þeim Sigurbjarti og Ágúst, að þar sem þeir ætluðu sér að vinna verkið, er þeim hentaði eftir vinnutíma á kvöldin, þá hefði hann ekki aðstöðu til að fylgjast með þeim við það. Var hann því aldrei viðstaddur utan fyrsta skiptið.

Í sama þinghaldi kom Steingrímur Kári Pálsson trésmiður fyrir dóminn. Í skýrslu hans segir, að hann hafi verið í þjónustu Hlaðbæjar h/f frá því vorið 1968 og fram á sumar 1969. Haustið 1968 í september eða október var fyrirhugað, að hann yrði fyrir

flokkir smíða, sem mundu smíða steypumót fyrir stoðmúr, sem áformað var að reisa meðfram tengivegi af hraðbrautinni fyrir neðan húsin nr. 3 og 5 við Ásbraut. Sökum þess að fyrirhugaðar framkvæmdir við stoðmúrinn drógust á langinn, var þessi flokkur settur í ýmis smáverk hingað og þangað, og m. a. voru þeir lánaðir til Árna Jóhannssonar til að slá upp fyrir stoðmúrnum í gjánni. Hann tekur fram, að sökum þess, hve langt sé um liðið, muni hann þetta ekki greinilega. Hann man, að fjöldi manna í þessum vinnuflokki var mjög breytilegur. Voru menn að koma og fara og gjarnan lánaðir í önnur verk. Er verkið var svo unnið, voru við það 4—5 menn, þar af líklega 2 verkamenn og 3 smíðir, að hann best man.

Aðspurður kveðst hann álíta, að ástæðan til þess, að umrætt verk dróst á langinn, hafi verið sú, að eigendur húsanna nr. 3 og 5 við Ásbraut vildu ekki sætta sig við skerðingu á lóð sinni.

Aðspurður kveðst hann muna það, að þegar smíði mótanna við stoðmúrinn hófst, var bætt við einum tíma í næturvinnu daglega auk þess sem farið var að vinna á laugardögum.

Hann kveðst ekki muna, hve langan tíma umrætt verk tók, en þegar hann hætti í þjónustu stefnanda 15. júní 1969, var því að fullu lokið.

Steingrímur kveður, að þeir í umræddum flokki hafi alltaf haft einhver verkefni þann tíma, sem beðið var eftir að geta farið í stoðmúrinn við tengivegin, en hann álíti, að afköst hafi verið minni en skyldi vegna tíðra verkefnaskipta.

Hólmar Bragi Pálsson, sem var verkstjóri í þjónustu stefnanda, kom fyrir dóminn 22. október 1973.

Hann skýrir svo frá, að hann hafi verið verkstjóri fyrir þeim vinnuflokki, sem ætlað var að annast framkvæmdir við gerð stoðmúrs og tengivegar meðfram húsunum nr. 3 og 5 við Ásbraut. Hann kveður, að upphaflega hafi framkvæmdir átt að hefjast seinni hluta júlí 1968 og þá hafi verið byrjað á uppgrefti fyrir stoðmúrnum, en eftir einn dag við það verk hafi framkvæmdum verið hætt og þær legið niðri þar til í mars eða apríl 1969 vegna ákvarðana bæjaryfirvalda. Af þessum sökum kveður hann, að vinnuflokkurinn hafi á greindu tímabili verið settur í alls konar önnur verk, meðal annars við aðra þætti heildarverksins, en nýst illa. Af þessum sökum kom það til, að mennirnir í flokknum, 10—15 talsins, dreifðust, og þegar til átti að taka í mars eða apríl 1969, þegar verkið fór í gang fyrir alvöru, voru þeir ekki allir tiltækir. Þá kveður hann, að ýmsar vinnu-

vélar, sem þessum vinnuflokki tilheyrðu, hafi nýst heldur laklega þennan biðtíma.

Aðspurður kveður hann, að þessi frestun við gerð stoðmúrsins og tengivegarins hafi verið til óhagræðis við framkvæmd IV. áfanga heildarverksins, sem m. a. hafi komið fram í aukinni næturvinnu. Hann kveður, að í verkáætlunum hafi átt að nota tengivegin til hagræðis við framkvæmd téðs IV. áfanga.

Þegar verkið var svo framkvæmt vorið 1969, hafi m. a. 5 trésmiðir unnið við smíði stoðmúrsins, en þeir hófu störf u. þ. b. þrem vikum eftir að sjálf jarðvinnan hófst. Aðspurður kveður hann, að nefndur trésmiðaflokkur hafi ekki verið verklaus nefndan biðtíma, heldur hafi þeir verið hér og þar við ýmis verkefni í heildarverkinu, en það hafi verið oft á tíðum hálfgerðt fökk.

Björn Einarsson, sem var framkvæmdastjóri byggingarnefndar Hafnarfjarðarvegar í gegnum Kópavog, gaf skýrslu í þinghaldi 28. apríl 1976.

Björn kveður, að tafir á framkvæmdum við gerð stoðmúrs og tengivegar samkvæmt verksamningi við stefnanda í júlí 1968 hafi aðallega orsakast vegna andstöðu íbúanna í húsunum nr. 3 og 5 við Ásbraut, en þeir töldu lagningu nefnds tengivegar skipulagsleg mistök og reyndu allt, sem í þeirra valdi stóð, til að koma í veg fyrir framkvæmdina. Hann kveður, að tregar greiðslur af hálfu ríkisvaldsins hafi einnig að dálitlu leyti átt þátt í töfum. Í þessu sambandi tekur Björn fram, að verk það, sem stefnandi hafði með höndum við vegarlagninguna, hafi verið svo yfirgripsmikið, að um tóf á framkvæmd verksins í heild hafi ekki verið að ræða, þótt einstakir þættir tefðust.

Aðspurður kveður Björn það hafa verið álit sitt, er verksamningurinn var gerður í júlí 1968, að fyrir hendi væri fullur framkvæmdaréttur til gerðar stoðmúrsins og tengivegarins, enda hafði þessi framkvæmd verið auglýst sem þáttur í skipulagi og plögg því viðvíkjandi legið frammi, án þess að mótmæli kæmu fram, að því er nefndarmenn töldu.

Aðspurður kveður Björn, að sér hafi ekki verið tilkynnt fyrirfram um framkvæmd sprenginga í maí 1969 né lagt fyrir hann sprengiplan, enda álitur hann, að þetta hefði átt að tilkynna og leggja fyrir umsjónarverkræðingana Theódór Árnason og Guðmund Magnússon.

Stefnandi sundurliðar kröfugerð sína þannig:

- I. Skaðabætur vegna tafa í níu mánuði á því, að framkvæmdir við tengiveg og stoðmúr gætu hafist, nánar greinist bóta-

upphæðin svo:	kr. 1.230.000
1. Tap við að halda mannafla tilbúnum í 9 mánuði án vanlegra verkefna	— 200.000
2. Stóraukinn kostnaður vegna mikillar næturvinnu við sprengingar, gröft, mótauppslátt, járnbindingu o. fl.	— 80.000
3. Vegna aukins óhagræðis við framkvæmd IV. áfanga, þar sem lagning tengivegar dróst ..	— 700.000
4. Vegna verulegs tekjumissis af því að þurfa að binda vélar og mannafla í umræddu verki, er verkefni tóku að aukast eftir efnahagslega lægð frá því í júlí 1968 fram á næsta vor	— 250.000
II. Endurheimta fjár, sem stefndi tók af innstæðu Hraðbrautar s/f, en þetta voru skaðabætur að viðbættum vöxtum og kostnaði, sem stefndi greiddi eigendum Ásbrautar 3 og 5 vegna sprunguskemmda, sem hann taldi vera af völdum stefnanda	— 2.010.769
III. Krafa um vexti vegna viðskipta aðilja árin 1970 og 1971	— 121.234

Samtals kr. 3.362.003

Hann færir þau rök fyrir fyrsta kröfulið, að með verksamningnum frá 1. júlí 1968 hafi stefndi skuldbundið sig að tryggja verktakanum framkvæmdarétt á þeim svæðum og á þeim tíma, sem samningsgögn segi til um. Við þetta gat stefndi ekki staðið að því er varðaði lagningu tengivegar og byggingu stoðmúrs vegna atvika, er hann bar óskoraða ábyrgð á, þ. e. að skipulagsmál kaupstaðarins voru ekki komin í rétt horf í tæka tíð, en þessi mannvirkjagerð öll hafði fyrirsjáanlega mikil áhrif á skipulag bæjarins.

Fyrst þegar í óefni var komið haustið 1968, hafi bæjarstjórn gert reka að því að láta leggja fram skipulagstillögu af Hafnarfjarðarvegi gegnum Kópavog ásamt deiliskipulagstillögu af tengingum við Kársnesbraut og Nýbýlaveg. Skipulagstillagan hafi svo verið staðfest með auglýsingu félagsmálaráðuneytisins 14. mars 1969.

Af þessu leiði óvefengjanlega, að vísa verði á bug sem röngum og örökstuddum fullyrðingum stefnda um, að óviðráðanleg atvik hafi tafið framkvæmdir.

Stefnandi kveður einsýnt, að dráttur á að geta hafið framkvæmdir sé í sjálfu sér almennt til þess fallinn að valda verk-taka tjóni. Röskun á einum verkþætti sé einnig vís til að valda röskun á öðrum. Hér sé um svo verulegan drátt að ræða, að óhugsandi sé að komast hjá tjóni. Í þessu sambandi tekur stefnandi fram, að óvissa hafi ríkt um byrjun framkvæmda alla þessa níu mánuði. Því hafi ekki verið hægt að taka álitlegum verk-efnum og binda þann mannafla og vélar, sem átti að nota við stoðmúrinn og tengiveginn.

Svo sem sundurgreining bótafjárhæðar beri með sér, kveður stefnandi tjón sitt verða rakið til fjögurra meginatriða. Hefur hann gert nánari grein fyrir þessum atriðum í skjölum málsins og í munnlegum málf lutningi, en þá komu fram tölulegar röksemdir til stuðnings þætti nr. 2. Hann vísar á bug því, sem stefndi heldur fram, að kröfugerð samkvæmt þessum lið sé van-reifuð, en synjar ekki fyrir það, að beita verði mati í vissum skilningi við ákvörðun bóta sökum tjónsins, sem sannanlega hafi orðið.

Kröfu sína um endurheimt þess fjár, sem stefndi greiddi eigendum Ásbrautar 3 og 5 sem skaðabætur fyrir tjón af völdum sprenginga og gerði síðan stefnanda reikning fyrir og innheimti með skuldajöfnuði, styður hann fyrst og fremst með því, að alls ósannað sé, að sprungurnar í umræddum húsum og tjón af þeirra völdum stafi af sprengingum í tengivegar- og stoðmúrsstæðinu. Reyndar megi ganga svo langt að fullyrða, að sannað sé, að fræðilegur ómöguleiki sé fyrir því, að sprungurnar séu af völdum sprenginganna.

Hann vísar á bug sem röngum niðurstöðum yfir- og undirmatsmanna um orsakir greindra sprungna og ýmsum öðrum ályktun-um þessara manna, svo sem um bergstuðul, sprengingar þær, sem taldar hafa farið yfir hámarkssveifluhæð samkvæmt út-boðslýsingu, áhrifum jarðskjálftans 5. desember 1968 og öðrum atriðum, sem brjóti í bága við málsútlitun hans.

Um bergstuðulinn kveður hann öll framkomin gögn hníga að því, að hann sé K-750, en ekki K-800, svo sem byggt sé á í mats-gerðum. Beri því að telja sveifluhraða sprenginganna 7. og 8. maí 1969 minni en í yfirmatsgerð greini.

Þá sé ekki sannað, að ofangreindar sprengingar hafi verið næst húsunum. Þar af leiðandi sé heldur ekki bókstaflega sannað, að sveifluhæð hafi farið yfir 150 μ .

Þótt svo yrði litið á, að sprungutjónið í húsunum hefði að einhverju eða að verulegu leyti orsakast af völdum sprenginganna, þá sé stefnanda eigi skylt að bæta fyrir það, þar sem tjónið verði ekki með réttu rakið til neinna mistaka af hálfu stefnanda eða starfsmanna hans. Í þessu sambandi sé vert að vekja athygli á því, að eigendur umræddra húsa hafi aldrei haldið því fram, að Hraðbraut s/f beri ábyrgð á sprungutjóninu, enda hafi þeir einvörðungu beint kröfum sínum á hendur Kópavogskaupstað. Undirmatsmennirnir hafi einungis verið beðnir um að meta tjónið, sem matsbeiðendur fullyrtu, að orsakast hefði af sprengingunum, en matsmennirnir hafi ekkert sagt um það, hver ætti sök á því, að sprengingarnar ollu tjóni á húsunum, eða hvort um sök væri að ræða. Hins vegar gefi yfirmatsmennirnir ótvírætt til kynna, óumbeðið að því er virðist, að um aðgæsluskort hafi verið að ræða af hálfu Hraðbrautar s/f, sem hafi komið fram með þeim hætti, að sprengikrafturinn varð of mikill. Þessu atriði yfirmatsgerðarinnar sé eindregið andmælt og vísist um það efni til skýrslu Dyno Industrier A/S á dskj. nr. 41, sem sé undirrituð af sprengiefnasérfræðingnum A. B. Vagstein, en þar sé um að ræða mann, sem hafi mun meiri þekkingu og reynslu í þessum efnum heldur en yfirmatsmennirnir. Bendir stefnandi og á skýrslu Vagstein fyrir dómi.

Samkvæmt framangreindu verði að telja, að hafi sprengingarnar valdið tjóni á húsunum, þá sé orsakanna að leita í því annað hvort, að tjónið hafi verið óhjákvæmlegt, þ. e. að eigi hafi verið unnt að sprengja fyrir stoðmúr og vegarstæði án þess að eiga á hættu að valda spjöllum á nærliggjandi húsum, einkum ef þau voru ekki traustlega byggð, ellegar að tjónið stafi af mistökum verkkaupa, Kópavogskaupstaðar, er vanrækti að hafa ábyrgan eftirlitsmann til staðar til að samþykkja sprengi- aðferðir, vanrækti að setja upp skjálftamæli (vibrograf) og lét einungis mjög losaralega skoðun fara fram á húsunum 7—8 mánuðum áður en sprengingarnar hófust, en engin skoðun hafi átt sér stað á tímabilinu frá jarðskjálftanum 5. desember 1968, þar til byrjað hafi verið að sprengja. Þannig fullnægði stefndi eigi ákvæðum útboðsgagna, sbr. dskj. nr. 5, liðir 2.9. og 3.43.1. Hvort heldur tjónið af völdum sprenginganna megi rekja til þess, að ómögulegt hafi verið að forðast það, eða til vanrækslu af hálfu stefnda, þá beri Kópavogskaupstaður einn ábyrgð á því, enda verði að skilja ákvæði útboðs- og verklýsingar um ábyrgð verktakans á hugsanlegu tjóni vegna sprenginga þannig,

að þar sé aðeins átt við tjón, sem leiði af mistökum verktakans eða starfsmanna hans.

Út af tjónbótum þeim, sem hér sé um deilt, hafi risið málaferli milli eigenda Ásbrautar 3—5 og Kópavogskaupstaðar, og lyktaði þeim með dómssátt. Eigi verði séð, að lögmaður Kópavogskaupstaðar hafi haft uppi neinar varnir í málinu aðrar en þær að biðja um yfirmat, af því honum þótti skaðabótaupphæðin of há, en hins vegar hafi ekki verið bornar fram neinar varnir gegn bótaskyldunni. Hraðbraut s/f hafi að vísu verið boðið að taka að sér rekstur málsins, „enda skuldbindi Hraðbraut s.f. eða tryggingarfélag þess sig til þess að greiða eigendum húsanna þær bætur, sem dæmdar kunna að verða, ásamt kostnaði“, eins og segi í bréfi bæjarstjórans í Kópavogi, dags. 21. júlí 1971. Hraðbraut s/f vildi gjarnan taka að sér málsvörn, en bara með því skilyrði, að félagið yrði málsaðili. Þessu skilyrði hafi aldrei verið fullnægt, þar sem eigendur Ásbrautar 3—5 beindu kröfum sínum einvörðungu að Kópavogskaupstað og voru ófánlegir til annars, en Kópavogskaupstaður á hinn bóginn stefndi ekki Hraðbraut s/f til meðalgöngu í málinu. Er og ljóst af málavöxtum, að hagsmunir Kópavogskaupstaðar og Hraðbrautar s/f þurftu alls ekki að fara saman í þessum efnunum, og að útilokað var, að Hraðbraut s/f teldi sig skuldbundin til að greiða dómkröfu á hendur Kópavogskaupstað, enda ekki bundin af dómi, hefði hann gengið.

Skaðabótakrafan, sem Kópavogskaupstaður sáttist á að greiða eigendum Ásbrautar 3—5, hafi numið að höfuðstól samkvæmt yfirmatsgerðinni kr. 1.103.130. Með kostnaði og vöxtum til viðbótar hafi Kópavogskaupstað næstum því tekist að tvöfalda þessa upphæð og nemi hún kr. 2.010.769, en þar af séu greiðslur til matsmanna og lögfræðinga samtals kr. 761.750, sem sé langt úr hófi fram.

Stefnandi kveður viðskipti málsaðilja vegna verkframkvæmdanna, er í máli þessu greini, hafi hjá Kópavogskaupstað verið bókfærð á tvo viðskiptareikninga. Annars vegar á viðskiptareikning nr. 32—3 og hins vegar á viðskiptareikning 13—3. Virðist fyrrgreindi reikningurinn hafa verið aðalreikningur, en hinn síðarnefndi eins konar aukareikningur.

Vaxtakrafan, sem hér sé fram borin samkvæmt 3ja kröfulið, sé tvíþætt. Í fyrsta lagi sé gerð krafa um vexti af viðskiptareikningi nr. 13—3 fyrir árin 1970 og 1971, að fjárhæð kr. 87.928.80, sbr. dskj. nr. 38. Kópavogskaupstaður greiddi slíka vexti af viðskiptareikningi nr. 32—3 fyrir þessi ár og sé óskiljanlegt, hvers

vegna hann telji, að viðskiptareikningur nr. 13—3 eigi á sama tíma að vera vaxtalaus.

Í öðru lagi sé krafa um vexti af vaxtamismun, þ. e. vaxtavexti á árinu 1971, að fjárhæð kr. 33.305.90, sbr. dskj. nr. 37. Af vaxtainnstæðum þeim, sem færast áttu Hraðbraut s/f til tekna í ársbyrjun 1971 á framangreindum viðskiptareikningum, beri að reikna vexti á árinu 1971 á sama hátt og af öðrum innstæðum á reikningum þessum. Sé slíkt eðlilegt í reikningsviðskiptum, þar sem vextir séu færðir um hver áramót.

Framantaldar vaxtakröfur að fjárhæð kr. 87.928.80 og kr. 33.305.90 nemi samtals kr. 121.234, en það sé upphæð kröfu samkvæmt þessum lið.

Um lið I í kröfugerð stefnanda heldur stefndi því fram, að dráttur sá, sem varð á því, að framkvæmdir gætu hafist við gerð stoðmúrs og lagningu tengivegar, hafi orðið vegna óviðráðanlegra atvika, sem hann hafi með engu móti getað ráðið við. Eigendur húsanna nr. 3 og 5 við Ásbraut hafi lýst því yfir, að þeir mundu fá lagt lögbann við þessum framkvæmdum, og höfðu jafnframt uppi tilburði til að hindra verkið í reynd. Eftir 17. gr. verk-sammningsins skyldu slíkar óviðráðanlegar tafir eigi skapa aðilja rétt til skaðabóta eða annarra viðurlaga úr hendi gagnaðilja.

Stefndi kveður alls ósannað mál, hvort stefnandi hafi nokkurt tjón beðið af völdum þessara tafa, sem vörðuðu lítinn hluta I. áfanga, sbr. útboðslýsingu. Hafi stefnandi getað beitt mannskap sínum og vélum í öðrum verkþáttum svo og aukaverkum. Beri því þegar af þessari ástæðu að sýkna af þessum kröfulið.

Verði á hinn bóginn mót von sinni eigi á það fallist, að stefnandi hafi verið skaðlaus sökum tafanna, þá liggi það í augum uppi, að stefnandi hafi alls ekki sannað eða gert rökstudda grein fyrir upphæð einhvers tjóns. Sé því bótakrafan samkvæmt þessum kröfulið svo vanreifuð, að hún geti alls ekki talist dómhæf.

Stefnandi (sic) byggir kröfu sína um sýknu af 2. lið kröfugerðar stefnanda fyrst og fremst á framlögðum matsgerðum, sér í lagi yfirmatsgerðinni. Hann bendir á, að yfirmatsmenn hafi að sjálfsgöðu framkvæmt vandaða og ítarlega rannsókn á styrkleika og krafti sprenginganna, sem Hraðbraut s/f framkvæmdi, svo og hafi þeir kynnt sér framkvæmdaaðgerðir verktakans við sprengingarnar. Jafnframt hefðu yfirmatsmenn fjallað á hlutlægan hátt um gildi ýmissa sönnunargagna varðandi orsakir sprungnanna.

Við þessar hlutlausu athuganir matsmanna hafi upplýst ýms-

ar staðreyndir, sem í sjálfu sér sýni svart á hvítu, að vítavæður aðgæsluskortur hafi átt sér stað af hálfu Hraðbrautar s/f við framkvæmd sprenginganna, án þess þó að matsmenn væru í sjálfu sér að taka afstöðu til þess, hvort um aðgæsluskort hefði verið að ræða. Matsgerðin sé að sjálfsögðu algerlega bindandi sönnunargagn um þessi atriði, en eftirfarandi atriði, sem fram komi í matsgerðinni og séu fullsönnuð með henni, telur stefndi veigamikil:

1. Að sprunguúttektin frá 1968 hafi fullt sönnunargildi um ástand hússins nr. 3—5 við Ásbraut, áður en sprengingar hófust í byrjun maí 1969.
2. Að jarðskjálfti sá, sem átti sér stað 5. deember 1968, hafi ekki orsakað sprunguskemmdir á húsinu nr. 3—5 við Ásbraut.
3. Að verksali tilkynnti eigi um fyrirhugaðar sprengingar í maí-byrjun 1969 né lagði fram sprengiplan.
4. Að sprungur þær og sprungustækkar, sem staðreyndar voru eftir sprengingarnar, en eigi er getið um í úttektinni frá 1968, hafi orsakast af sprengingum fyrir stoðmúr og götustæði hinn 7. og 8. maí 1969.
5. Að orsök sprungnanna sé einvörðungu sú, að verksali hafi farið að sprengistyrkleika upp fyrir hámark 150 μ , sem leyfilegt var samkvæmt útboðslýsingu, dagana 7. og 8. maí 1969, en í því atriði sé fólgið vítavert gáleysi.
6. Að verksali hafi alls ekki gætt sérstakrar varúðar, er hann sprengdi í nágrenni húsanna nr. 3—5 við Ásbraut.

Heildarniðurstöður yfirmatsins hafi verið þær, að bótaskyld tjón á húsunum nr. 3—5 við Ásbraut, var metið kr. 1.013.130, og orsök tjónsins var alfarið talin sprengingar fyrir stoðmúr og götustæði tengivegar við húseignina.

Með stefnu, dagsettri 20. júní 1970, höfðu eigendur Ásbrautar 3—5 hafist handa um málshöfðun á hendur Kópavogskaupstað og stefnt til greiðslu á niðurstöðutölu undirmatsgerðarinnar kr. 1.555.630 auk málskostnaðar, en með tilkomu yfirmatsgerðar lækkaði krafa þessi til samræmis við niðurstöðutölu hennar.

Með tilliti til hinnar vandlega unnu yfirmatsgerðar, sem hafi tekið af allan vafa um réttarstöðu málsaðilja hvors um sig, hafi verið algerlega þýðingarlaust og eingöngu til kostnaðarauka að halda uppi frekari vörnum í máli því, sem tekið var fyrir á bæjarþingi Kópavogs. Hins vegar var talið eðlilegt að benda Hraðbraut s/f á að halda málinu áfram sem sjálfstæður málsaðili eða f. h. Kópavogskaupstaðar. Þessari ábendingu, sem var formlega

sett fram í bréfi, dags. 21. júlí 1971, hafi í engu verið sinnt eða ansað af stefnanda.

Hinn 17. nóvember 1971 hafi Kópavogskaupstaður notað sáttar-fjárhæðina ásamt öðrum áföllnum kostnaði vegna málareksturs í þessu sambandi, samtals kr. 2.010.769, til skuldajafnaðar við inneign Hraðbrautar s/f á viðskiptamannareikningi fyrirtækisins hjá Kópavogskaupstað, en inneign þessi samanstóð af ýmsum samþykktum liðum.

Stefndi dregur saman að lokum aðalröksemdir sínar fyrir því, að stefnandi beri ábyrgð gagnvart sér á sáttarupphæðinni ásamt öllum kostnaði, eins og hér fer á eftir:

1. Eigi sé nokkrum vafa undirorpið, að samkvæmt ákvæðum útboðslýsingar, sbr. 2.9., 2.11. og 3.4.3., hafi verksali skuldbundið sig með verksamningi til að greiða allt það tjón, sem hann kynni að valda þriðja aðilja við framkvæmd sprenginga vegna verksins, án tillits til þess, hvort um sök væri að ræða af hans hálfu eða eigi. Orðalag tilvitnaðra greina taki af allan vafa um, að ábyrgð verksala sé aðeins bundin við, að orsakasamband sannist milli sprenginga og tjóns, en alls ekki bundin við sök. Til þessa atriðis hafi verksali getað tekið fullt tillit við gerð tilboðs, enda hafi verksala borið að kaupa ábyrgðartryggingu á verk sitt fyrir tjóni, sem hann kynni að valda þriðja aðilja samkvæmt 2.12. Samkvæmt þessu hafi verksali því borið hlutlæga ábyrgð á tjóni því, sem orðið hafi af völdum sprenginga fyrir stoðmúr og götustæði tengivegar á fjölbýlishúsinu Ásbraut 3—5.

2. Með því að tilkynna eigi forsvarsmönnum kaupstaðarins um fyrirhugaðar sprengingar í byrjun maí 1969, og með því að leggja ekki fram sprengiplan fyrir sprengingar þessar þrátt fyrir skýr ákvæði útboðslýsingar hafi Hraðbraut s/f algerlega komið í veg fyrir, að gagnaðili gæti rækt samningsskyldur sínar af hendi varðandi þetta atriði. M. a. hafi eftirlitsmenn ekki átt þess kost að sýna þess, að fyrirhugaðar sprengingar yrðu framkvæmdar vegna of mikils styrkleika. Ekki heldur að gera nokkrar öryggisráðstafanir af sinni hálfu né að koma upp mælitækjum í því skyni að staðreyna styrkleika sprenginganna og þar með hættueiginleika þeirra. Með svo stórfelldum samningsrofum hafi Hraðbraut s/f að fullu og öllu fellt á sig sönnunarbyrði um tvö eftirtalin atriði:

- a) Að sprungur þær, sem var að finna á fjölbýlishúsinu Ásbraut 3—5 eftir framkvæmd sprenginganna fyrir 9. maí

og ekki geti um á sprunguúttektinni frá 1968, hafi ekki orsakast af sprengingum Hraðbrautar s/f fyrir 9. maí.

- b) Að Hraðbraut s/f hafi eigi sýnt af sér bótaskyldar athafnir eða bótaskyldt athafnaleysi við framkvæmd sprenginganna fyrir 9. maí 1969.

Hvorugt þessara atriða hafi verið afsannað og beri fyrirtækið því einnig af þessari ástæðu ábyrgð á kröfum þeim, sem notaðar voru til skuldajafnaðar.

3. Það sé fullsannað mál, að dagana 7. og 8. maí 1969 hafi stefnandi valdið bótaskyldu tjóni á fjölbýlishúsinu Ásbraut 3—5 með því, að sprengikraftur við sprengingar fyrir framan húsið hafi farið að sprengistyrkleika upp fyrir það hámark, 150 μ , sem leyfilegt var samkvæmt útboðslýsingu (3.4.3.), sem óhagganlega teljist saknæmt og bótaskyldt atferli gagnvart kaupstaðnum á grundvelli fyrirbyggjandi verksamnings og gagnvart eigendum Ásbrautar 3—5 án tillits til samnings.

Öll þessi atriði séu sönnuð á fullnægjandi hátt með yfirmatsgerðinni.

Því er mótmælt, að umrædd hús hafi ekki verið traustlega byggð. Hafi þau verið reist undir eftirliti byggingarfulltrúa og fullnægi í öllu tilliti styrkleikakröfum byggingarsamþykktar. Á hinn bóginn sé rétt á það að benda, að verksala hafi borið að kynna sér rækilega ástand greindra húsa og sýna sérstaka aðgæslu við sprengingarnar með tilliti til nefndra atriða, en þetta hvort tveggja hafi hann látið undir höfuð leggjast.

Því er jafnframt mótmælt, að Kópavogskaupstaður hafi með skriflegu samkomulagi skuldbundið sig til þess að bæta eigendum Ásbrautar 3—5 væntanlegt tjón vegna sprenginga. Með yfirlýsingu þeirri, sem stefnandi vitni til, sé aðeins verið að staðfesta, að Kópavogskaupstaður beri ábyrgð á framkvæmdum verktakans Hraðbrautar s/f gagnvart eigendum Ásbrautar 3—5, sem ekki feli í sér breytingu á þeirri réttarstöðu, sem fyrir hendi hafi verið.

Jafnframt sé talað um bætur samkvæmt mati eða dómi og sé því alls ekki um neina skuldbindingu að ræða umfram það, sem Kópavogskaupstaður hafi verið skyldur til lögum samkvæmt.

Greiðslu vaxta af innstæðu á viðskiptareikningi 13—3 er alfarið mótmælt, þar sem alls ekki tíðkist að greiða vexti af slíkum hlaupandi viðskiptum, nema sérstaklega sé um slíkt samið. Á viðskiptareikning nr. 32—3 séu færð öll viðskipti Hraðbrautar s/f vegna lagningar Hafnarfjarðarveggar, en um það samdist, að

vextir yrðu reiknaðir á þessi viðskipti. Hins vegar hafi önnur viðskipti Hraðbrautar s/f við Kópavogskaupstað verið bókfærð á viðskiptareikning nr. 13—3 og hafi aldrei staðið til að reikna vexti á þau viðskipti frekar en önnur hlaupandi viðskipti venju samkvæmt.

Kröfu um vaxtavexti er synjað, þar sem ekki hafi verið samið um slíka vexti og jafnframt á þeirri forsendu, að hér sé um ólögmeta vexti að ræða samkvæmt lögum nr. 58/1960.

Forsendur og niðurstaða.

I. Eigi verður á það fallist, að tafir þær, sem urðu á því, að stefnandi gæti hafið framkvæmdir við lagningu tengivegar og byggingu stoðmúrs, hafi orðið sökum óviðráðanlegra atvika. Allt, sem fram er komið um þetta efni, sýnir, svo ekki verður um villst, að það var á færi bæjaryfirvalda að tryggja framkvæmdaréttinn, en ekki var hafist handa um það, fyrr en í óefni var komið.

Samkvæmt eðli máls var það stefnda að tryggja framkvæmdarétt í seinasta lagi við undirritun verksamnings og að því gerðu bein samningsskylda.

Með því að það brást og tafði ofanefndan verkþátt í fulla níu mánuði, hefur stefndi fellt á sig sök og bótaskyldu gagnvart stefnanda, en dómurinn álitur, að byggja beri á því, að tafirnar hafi valdið stefnanda (móðurfélögunum) fjárhagstjóni.

Að ofan er rakið, hvernig stefnandi sundurgreinir bótakröfu sína samkvæmt 1. lið kröfugerðar sinnar.

Rökstuðningur hans varðandi 2. þátt, þ. e. aukinn kostnaður vegna yfirvinnu og nætur- og helgidagavinnu, þykir vera fullnægjandi og svo í hóf stillt, að rétt þykir að taka hann til greina að fullu.

Um hina þættina þrjá verður að telja, að þar sé rökstuðningur ekki jafnskýr, en samt verður ekki fallist á, að kröfugerðin sé að því leyti vanreifuð og ódómhæf.

Samkvæmt eðli máls hlýtur að verða að beita mati við ákvörðun bóta, svo sem málið er vaxið.

Þykir rétt að ákvarða bætur í einu lagi fyrir þætti 1, 3 og 4 og þá tekið fram, að kröfur samkvæmt 1. og 4. þætti sýnast reistar á sama grunni að heita má.

Þegar þetta er virt, sem nú hefur verið sagt, og annað það, sem hér þykir skipta máli, þykja bætur hæfilega ákveðnar kr.

300.000 eftir nefndum þremur liðum. Verður því stefndi dæmdur til greiðslu samtals kr. 380.000 eftir 1. lið kröfugerðarinnar.

II. Eftir málsreifun aðilja og málflutningi er deilt um réttmæti skuldajafnaðarkröfu bæjarsjóðs á hendur stefnanda út af skaðabótum til eigenda Ásbrautar 3 og 5 vegna sprungutjóns einungis að því leyti, hvort sprungurnar verði raktar til sprenginga stefnanda eða ekki. Telur stefndi kröfuna gilda, ef orsakasamband sannist, burt séð frá sök, en stefnandi heldur því fram, að sök verði að vera fyrir hendi.

Verður nú fjallað um þau atriði, sem helst teljast ráða úrslitum um þetta álitæfni.

Stefnandi heldur því fram um sprunguskráningarnar þrjár s. s. haustið 1968, í maí 1969 og þá, sem undirmatsmenn gerðu, að hin fyrsta hafi verið léleg, enda gerð í aukavinnu á aðeins tveimur kvöldum, sú í maí 1969 hafi verið góð og hin þriðja og síðasta hafi verið mjög góð.

Stefndi andmælir þessu eindregið og kveður hina fyrstu ekki síðri en hinar tvær og hafi því fullt sönnunargildi um ástand húsanna, áður en sprengingar hófust.

Það er álit dómsins, að stefnandi hafi fært mjög veigamikil rök fyrir staðhæfingum sínum í þessu efni og sýnt fram á umtalsverðar líkur fyrir þeim, en varhugavert þykir samt að telja, að honum hafi tekist að hnekkja fyrstu sprunguskráningunni.

Fram til ársins 1976 höfðu litlar sem engar rannsóknir farið fram hér á landi á yfirborðshröðun jarðskjálfta, en þá voru fyrstu mælitækin í þessu skyni sett upp.

Það er skoðun dómsins, byggð á áliti hinna sérfróðu meðdómenda, að mjög erfitt sé að giska á eða meta áhrif jarðskjálftans 5. desember 1968 í Kópavogi. Sé slíkt varla á færi nokkurra sérfræðinga um þetta efni nema með mjög mikilli vinnu, sérstökum mælingum og útreikningum varðandi þennan jarðskjálfta með tilliti til Kópavogs. Jafnvel eftir slíka vinnu yrðu niðurstöður ekki fullkomlega áreiðanlegar.

Þetta, sem nú er sagt, dregur úr gildi umsagnar Ragnars Stefánssonar jarðskjálftafræðings og framburðar hans fyrir dóminum. Reynsla af þessum desemberjarðskjálfta er í mótsögn við álit Ragnars, svo sem fram kemur í skýrslu yfirmatsmannsins Sigurðar Helgasonar múrarameistara í þinghaldi 21. maí 1973.

Þegar þetta er virt, verður að telja, að matsmenn, sérstaklega yfirmatsmenn, leggi allt of mikið vægi í álit Ragnars, hvað varðar hugsanlegar sprungumyndanir í umræddum húsum af völd-

um jarðskjálftans, en Ragnar hefur ekki sérþekkingu á því sviði að meta áhrif jarðskjálfta á byggingarmannvirki.

Síðastliðið vor náðist mæling á yfirborðshröðun jarðskjálfta við Kröflu af stærð ca 3 á kvarða Richters. Reyndist mesta hröðun (flýtni), lárétt, vera um 64 cm/sek².

Ragnar Stefánsson telur hins vegar, að mesta hröðun jarðskjálftans í desember 1968 í Kópavogi hafi ekki verið meiri en 5—10 cm/sek². Áhrif þessara tveggja jarðskjálfta, eins og þau fundust af fólki, virðast þó svipuð.

Ef um sprungumyndanir af völdum jarðskjálftans væri að ræða, mundu þær að öðru jöfnu verða jafndreifðar um bæði húsín.

Það er skoðun dómsins, byggð á áliti hinna sérfróðu meðdómenda, að þegar það sé virt, sem nú hefur verið rakið, verði eigi talið unnt á nokkurn hátt að útiloka, að jarðskjálftinn 5. desember 1968 hafi ekki orsakað neinar sprungur í nefndum húsum. Verður því að telja ályktanir matsmanna, bæði við undir- og yfirmat, rangar í þessu tilliti.

Þegar hafður er í huga aðdragandi þess, að sprengingar hófust í maí 1969, og aðstæður allar, verður að telja, að óvarlega hafi verið að þeim staðið af stefnanda hálfu, bæði almennt séð og sérstaklega með hliðsjón af ákvæðum verksamningsins að þessu lútandi. Engar tilraunasprengingar voru gerðar né reynt að koma fram mælingum á bergstuðli eða öðrum sveiflumælingum. Ekki var tilkynnt til eftirlitsmanna um, hvenær verkið hæfist, né lagt fram svokallað sprengiplan. Á hinn bóginn er þetta ekki frábrugðið því, sem gengur og gerist um svona framkvæmdir hér á Reykjavíkursvæðinu. Verður þó að meta þessi atriði stefnanda til óhags, er sönnunarstaða aðilja er ákveðin varðandi bergstuðul og áhrif sprenginganna.

Að hinu leytinu virðist mega draga þá ályktun af málsgögnum, að mikils taugaóstyrks hafi gætt vegna sprenginganna, einkum hjá íbúðum nefndra húsa. Verður það ekki talið óeðlilegt, svo sem í pottinn var búið.

Eftir kvartanir íbúanna eru teknar lögregluskýrslur af sumum þeirra. Verður að fallast á það með stefnanda, að þær hafi takmarkað sönnungildi.

Í framhaldi af þessu er ráðist í nýja sprunguskráningu. Eins og áður er sagt, eru færð fyrir því veigamikil rök og líkur, að sú skráning hafi verið ítarlegri heldur en sú upphaflega, þótt ekki þyki fært að byggja á því sem sannaðri staðreynd.

Telja verður sannað, að sprengingarnar 7. og 8. maí 1969 hafi farið fram úr leyfilegum mörkum í verkssamningi, þó eigi í verulegum mæli, þótt miðað sé við bergstuðul K-800. Svo sem málið er vaxið, verður stefnandi að bera hallann af óvissu um bergstuðul.

Þegar gögn þau eru virt, sem fyrir liggja um sprengingar stefnanda og hér um ræðir, svo sem skýrslu og vitnisburð A. B. Vagstein yfirverkfræðings, fyrirliggjandi matsgerðir og annað það, sem hér telst hafa þýðingu, m. a. fræðirit um sprengingar og áhrif þeirra á fólk og mannvirki, verður eigi talið unnt að útiloka, að einhverjar sprungumyndanir í greindum húsum hafi orðið af völdum sprenginganna í maí 1969. Eigi er fært að ákveða með öryggi nákvæmlega, hve miklar og hve umfangsmiklar.

Vert er að taka fram og leggja áherslu á, að áhrif sprenginganna dvína mjög hratt með vaxandi fjarlægð frá sprengistað og tíma. Á þetta einkum við um hátíðnibylgjur sem þær, er framkallast af völdum sprenginga í berggrunni, en tíðni þeirra er 40—150 Herz, sem þýðir mjög mikla sveifludreyfingu í bergi og steinsteypu. Um sveiflusamsvörun húsanna og sprengjubylgjanna er vart að ræða.

Það er niðurstaða dómsins að athuguðu því, sem ofan er rakið, að telja verði svo líklegt, að við það verði að miða, að sprungna hafi gætt af völdum hinna umdeildu sprenginga á takmörkuðu svæði næst sprengistöðum.

Varðandi ummæli yfirmatsmannsins Guðmundar Einarssonar í þinghaldi 5. nóvember 1973 þykir rétt að lýsa því álitni dómsins, að þótt jarðskjálfti geti skekið hús, eins og hér um ræðir, á grunni í heild sinni, þá geti vart verið um slíkt að ræða af völdum bylgjuhreyfinga þeirra sprenginga, sem hér um ræðir. Við sprenginguna myndast bylgjuskil (frontur), sem breiðast út í allar áttir í jarðveginum. Þegar þessi skil ná húsinu, breiðast þau yfir það á sama hátt. Við bylgjuskilin og innan þeirra, þ. e. nær sprengistað, eru efnisagnir hússins á hreyfingu, en utan þeirra eru þær hreyfingarlausar. Það er ekki fyrr en bylgjuskilin hafa náð yfir allt húsið, að hugsanlega geti verið um hreyfingu alls hússins að ræða. Nú hafa bylgjurnar dvínað bæði með vaxandi fjarlægð frá sprengistað og einnig vegna tíma. Því eru áhrif bylgjanna næst sprengistað nánast horfin, þegar bylgjuskilin hafa umlokið allt húsið. Þannig getur húsið vart hreyfst í heild sinni gagnstætt því, sem gerist í jarðskjálfta, þar sem öll jörðin hreyfist á stóru svæði.

Niðurstaða dómsins um orsakir sprungumyndana í húsunum Ásbraut 3—5 er því sú, að fræðilegur ómöguleiki sé fyrir því, að þær verði raktar nema að takmörkuðu leyti til sprenginga stefnanda í maí 1969.

Eins og málið er lagt hér fyrir, telur dómurinn, að um þetta verði að beita mati á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Þegar það er metið, sem nú hefur verið sagt, og annað það, sem hér þykir skipta máli, er það niðurstaða dómsins, að ekki minna en 40% af sprungumyndunum í húsunum nr. 3 og 5 við Ásbraut verði raktar til sprenginga stefnanda, en allt að 60% þeirra hljóti að vera tilkomnar af öðrum orsökum. Við úrlausn málsins að þessu leyti verður miðað við þessi hlutföll.

Ber því að dæma stefnanda 60% af skuldajafnaðarkröfunni úr hendi stefnda, er dregnar hafa verið frá henni þær kr. 15.604, sem stefndi kveður ranglega innifaldar, að viðbættum nefndum kr. 15.604, eða kr. 1.212.700 með vöxtum, svo sem krafist er.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er ekki fallist á mótmæli stefnanda varðandi mats- og málskostnaðarþætti skuldajafnaðarkröfunnar.

III. Í þriðja kröfulið krefur stefnandi vaxta úr hendi stefnda vegna viðskipta á árunum 1970 og 1971, annarra en þeirra, sem fjallað er um í verksamningi 1. júlí 1968 og viðbótarverksamningi 12. júlí 1968, en í þeim eru sérstök ákvæði um vexti.

Eigi þykja vera nein efni til að taka þessa kröfu til greina, enda hefur stefnandi eigi sýnt fram á, að hún eigi sér grundvöll í einhverjum samningum aðilja, né verður talið, að viðskiptavenja á þessum tíma veiti henni stoð. Verður því stefndi sýknaður að þessu leyti.

Heildarniðurstaða er þá sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 380.000 + 1.212.700, eða samtals kr. 1.592.700 með vöxtum, svo sem í stefnu greinir.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 285.000.

Dómur þessi er upp kveðinn af Ólafi Stefáni Sigurðssyni héraðsdómara ásamt meðdómendum Júlíusi Sólnes prófessor og Páli Sigurjónssyni byggingaverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarsjóður Kópavogs, greiði stefnanda, Hraðbraut s/f, kr. 1.592.700 með 9% ársvöxtum frá 11. febrúar 1972 til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi

til greiðsludags, og kr. 285.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. júní 1980.

Nr. 98/1978. **Kjartan Jónsson**
(Páll Arnór Pálsson hrl.)
gegn
Veiðifélagi Þverár
(Gunnar Helgason hdl.).

Leigusamningur. Verðtrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. maí 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í aðalsök í héraði og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Í gagnsök í héraði krefst áfrýjandi þess, að stefnda verði dæmt að greiða sér 1.921.276 krónur með 13% ársvöxtum frá 7. júní 1975 til 15. júní 1979 og með dómvöxtum, sbr. lög nr. 56/1979, frá þeim degi, þ. e. 34.5% ársvöxtum frá 15. júní 1979 til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á. og 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda í þessum þætti málsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir eigi athugasemdir við breytta kröfugerð áfrýjanda að því er tekur til vaxta.